FRÉTTABLAÐIÐ

121. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. MAÍ 2018



Eins og við var að búast voru raddböndin þanin við útskrift hjá Söngskólanum í Reykjavík sem haldin var í gær. Hér syngur Harpa Ósk Björnsdóttir, nemandi Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur, aríu úr West Side Story eftir Leonard Bernstein við undirleik Kristins Arnar Kristinssonar. „Þetta er með erfiðari aríum fyrir sópran sem hún söng alveg ævintýralega vel," sagði Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans, um flutninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason um gildasta auðlindasjóð heims. 15

**SPORT** Sara Björk Gunnarsdóttir keppir til úrslita í Meistaradeild Evrópu í dag. 22

**LÍFIÐ** Hátíðarsýning á Kona fer í stríð vakti lukku. 40

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÚT AÐ HLAUPA**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Grípa til örþrifaráða til að fá lífsnauðsynleg lyf

**Foreldrar langveikra barna hafa þurft að leita á náðir annarra foreldra vegna skorts á lyfjum fyrir börn sín. Formaður Félags íslenskra barnalækna segist lengi hafa haft áhyggjur af lyfjaskorti. Reglulega séu ýmis lyf ekki fáanleg hér á landi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Það gerist ítrekað að lífsnauðsynleg lyf handa langveikum börnum eru ekki til á landinu. Dæmi eru um að foreldrar þeirra haldi úti skiptimarkaði fyrir lyf til að tryggja velferð barna sinna.

Lyfin sem um ræðir eru öll undanþágulyf sem ekki eru markaðsleyfi fyrir hér á landi. Ástæðurnar fyrir því geta verið margvíslegar. Til að mynda ef um er að ræða nýtt lyf sem ekki hefur hlotið skráningu eða ef lyfið er gamalt og framleiðandi hefur ákveðið að taka lyfið af markaði.

Ákvörðun um notkun undanþágulyfs er tekin af lækni viðkomandi. Sá sendir beiðni þess efnis sem Lyfjastofnun þarf að samþykkja hvert sinn. Eftir að samþykki liggur fyrir hefja umboðsaðilar lyfsins hér á landi vinnu við að panta það til landsins. Frá því að ávísun læknis liggur fyrir og þar til lyfið kemur til landsins getur liðið langur tími.

„Maður finnur til með fólki sem er í þessari aðstöðu. Við erum öll af vilja gerð og höfum hag sjúklinga að leiðarljósi. En Ísland er lítill markaður í stóra samhenginu," segir Gunnur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Vistor. Fyrirtækið veitir lyfjafyrirtækjum meðal annars þjónustu við skráningar og aðstoðar við flutning og dreifingu þeirra.

Gunnur segir að þegar um undanþágulyf sé að ræða hafi framleiðandi ákveðið að markaðssetja það ekki. Sem betur fer komi fleiri ný lyf inn á markaðinn heldur en hitt.

„Þau lyf eru ekki pöntuð eins og lyf sem pantað er á markaði. Læknir viðkomandi skráir ákveðið magn og sjaldnast er mikið flutt inn umfram það, sérstaklega ef lyfið er almennt lítið notað. En við hvetjum framleiðendur til að skrá lyfin því það er öruggara," segir Gunnur.

„Lyfjaskortur er mál sem við höfum haft áhyggjur af lengi og tjáð okkur um," segir Valtýr Thors, formaður Félags íslenskra barnalækna.

Valtýr segir að vandinn sé ekki einskorðaður við undanþágulyf heldur komi mjög reglulega upp ástand þar sem lyf eru ekki fáanleg.

„Oft er sú ástæða gefin upp, sem er í sjálfu sér hins vegar sú að það stenst ekki alltaf. Við höfum stundum haft samband við Skandinavíu og þar eru þau til og ekkert vandamál uppi," segir Valtýr.

Kjarninn sé sennilega sá að birgjarnir passa sig á því að panta ekki of mikið til landsins til að sitja ekki uppi með ónotaðan lager. Sé notkun skyndilega yfir meðallagi klárist birgðirnar.

„Slíkt er náttúrulega með öllu ótækt og ekki hægt að bjóða upp á það í nútíma vestrænu samfélagi. Mér þykir mjög heillavænleg hugmynd að hafa samnorrænan banka fyrir lyf þannig þetta yrði eitt markaðssvæði. Það fyrirkomulag er við lýði varðandi bóluefni og ég sé ekki hví það ætti ekki að geta gilt um önnur lyf líka," segir Valtýr.

**Lyfjaskortur er mál sem við höfum haft áhyggjur af lengi.**



Valtýr Thors, formaður Félags íslenskra barnalækna

– jóe / sjá síðu 6

## Umræðan ekki verið til góðs

**VIÐSKIPTI** „Þessi umræða hefur örugglega ekki verið okkur til góðs. En við höfum reynt að vanda okkur eins og við getum í okkar störfum," segir Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri fasteignafélagsins Heimavalla, um umræðuna sem hefur farið fram síðustu daga um hækkun húsaleigu hjá íbúðaleigufélögunum. Í dag hefjast viðskipti með hlutabréf í Heimavöllum á Aðallista Kauphallar Íslands.



– jhh / sjá síðu 8

## 23 DAGAR í HM



Safnaðu öllum leikmönnunum

ARI FREYR SKÚLASON

100% íslensk ræktunarmold, lífrænn massi og Hekluvikur

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti




HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR
ÓTAL MÖGULEIKAR Í EINUM PAKKA



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Áfram er útlit fyrir vætusama tíð á suðausturhorninu og við suðurströndina en rignir einnig norðaustanlands. Þá gengur í snarpa vestanátt síðdegis með skúrum um landið vestanvert og jafnvel slydduéljum til fjalla en léttir til um austanvert landið undir kvöld.

SJÁ SÍÐU 26

# Framúrskarandi ungur Íslendingur




Ingileif Friðriksdóttir hlaut í gær nafnbótina Framúrskarandi ungur Íslendingur 2018 sem veitt voru af JCI á Íslandi í Borgarleikhúsinu. „Þetta kom mér töluvert mikið á óvart, ég var innan um svo ótrúlega flott og framúrskarandi fólk,“ segir Ingileif um heiðurinn. Ingileif hefur unnið að verkefninu Hinseginleikinn sem byrjaði á Snapchat og er ætlað að vinna á fordómum í garð hinsegin fólks og brjóta niður staðalmyndir tengdar þeim.

# Einar Birkir úr bæjarstjórn

**KÓPAVOGUR** Þjóðskrá hefur úrskurðað að lögheimilisflutningur Einars Birkis Einarssonar, óháðs bæjarfulltrúa í Hafnarfirði, hafi verið ólögmætur. Kjörgengi Einars hefur verið töluvert til umræðu í stjórn bæjarins en hann mun hafa flutt í Kópavog á miðju kjörtímabili en skráð lögheimili sitt hjá ættingjum í Hafnarfirði.

Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, staðfesti það í samtali við Fréttablaðið og sagði Einar Birki hafa tilkynnt bæjarstjórn úrskurðinn í upphafi fundar í gær.



Einar Birkir Einarsson, óháður bæjarfulltrúi í Hafnarfirði

„Þetta fer að verða eins og í einhverri slæmri sænskri bíómynd, svona melódrama,“ sagði Margrét þegar blaðamaður náði tali af henni á fundinum.

Hún segir að búið sé að kalla inn varabæjarfulltrúa fyrir Einar og Borghildur Sturludóttir sat fundinn í hans stað. Ekki hafi verið unnt að setja fundinn fyrr en varabæjarfulltrúi var kallaður til.

„Það er ekki til þess að auka veg og virðingu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar ef bæjarfulltrúar eru í raun að hagræða lögheimilisskráningu sinni til að geta setið í bæjarstjórn,“ sagði Margrét Gauja í samtali við Fréttablaðið í apríl.

Meirihlutinn í bænum hefur hangið á bláþræði undanfarið eftir deilur um kjörgengi Einars. Hann sagði sig úr Bjartri framtíð ásamt Guðlaugu Kristjánsdóttur í byrjun apríl. – dfb

# Talið niður í fyrsta leik á HM

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið byrjar í dag að telja niður í fyrsta leik Íslands á HM í Rússlandi. Íslendingar mæta þá Argentínumönnum á Otkritie-vellinum í Moskvu 16. júní.

Niðurtalning hefst 23 dögum fyrir fyrsta leik en 23 leikmenn eru í íslenska HM-hópnum. Á hverjum degi fram að fyrsta leik birtist mynd af íslenskum landsliðsmanni sem Halldór Baldursson teiknar á forsíðu Fréttablaðsins. Á sportsíðu má svo finna frekari upplýsingar um viðkomandi leikmann. Fólk er hvatt til að klippa myndirnar af leikmönnunum út og safna þeim. – iþs



Gylfi Þór Sigurðsson

# Stórfé í góðgerðarstarf eftir mótorhjólamessu

**Ánægja með samkennd í mótorhjólamessu í Digraneskirkju. Séra Bára Friðriksdóttir segir nær 700.000 krónur hafa safnast til góðgerðarmála. Félagar úr fjandvinaklúbbunum Hells Angels og Outlaws meðal þeirra sem mættu til kirkju.**

**TRÚMÁL** „Þetta var mín fyrsta en ekki síðasta ferð í mótorhjólamessu í Digraneskirkju,“ segir séra Bára Friðriksdóttir, ánægð með mótorhjólamessu á annan í hvítasunnu í kirkjunni.

Bára segir að margvíslegt góðgerðarstarf hafi tengst mótorhjólamessunni sem nú var haldin í tólfta sinn. „Í samstarfi Digraneskirkju, Grillhússins og Sniglanna voru þennan dag seldir sérlagaðir hamborgarar með nafninu Kraftaklerkurinn og rennur ágóðinn til Grensásdeildar. Sniglarnir tvöfölduðu upphæðina og komu inn ríflega 400 þúsund krónur,“ segir Bára.

Þá hafi félagið Bikers Against Child Abuse á Íslandi annast vöfflusölu og safnað 160 þúsund krónum fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

Auk þess hafi samtökin Toy Run Iceland hrint af stað söfnun í messunni fyrir Pieta samtökin sem vinna að forvörnum fyrir fólk sem beitir sig sjálfsskaða eða er í sjálfsvígshættu. „Verndari söfnunarinnar er séra Gunnar Sigurjónsson en hann er sjálfur vélhjólamaður og stýrði messunni af töffaraskap. Hann keypti fyrsta barmmerkið en Toy Run Iceland mun selja það í sumar á bæjarhátíðum kringum landið,“ segir Bára. Alls hafi 116 þúsund krónur safnast fyrsta söludaginn.

Tæplega 400 manns sóttu messuna og við kirkjuna voru talin 194 hjól af öllum gerðum. Meðal þátttakenda voru félagar úr bæði Outlaws og Hells Angels sem ekki eru kunnir að því að hittast undir sama þaki.

„Það var allt gert í friði, samkennd og virðingu þar sem ólíkir mótorhjólahópar komu saman og voru sem heild. Þetta er þakkar- og gleðiefni og vert að því sé lyft upp,“ segir Bára og kveður mótorhjólamenn hafa lesið úr ritningunni og aðstoðað við útdeilingu. Tónlist hafi verið flutt. „Það var rokkað stuð og filingur yfir í bliðar ballöður.“

gar@frettabladid.is



**Um fjögur hundruð sóttu mótorhjólamessu allra mótorhjólamanna höfuðborgarsvæðins í Digraneskirkju á annan í hvítasunnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það var rokkað stuð og filingur yfir í bliðar ballöður.
> Séra Bára Friðriksdóttir

**Garðtraktorar fyrir þá kröfuhörðu**




ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Opnunartími: | Vefsíða og netverslun: |
|---|---|---|---|
| Krókháls 16<br>110 Reykjavík<br>Sími 568-1500 | Baldursnes 8<br>603 Akureyri<br>Sími 568-1555 | Opið alla virka daga<br>Lokað um helgar | www.thor.is |




**5.** VILBORG G. SIGURÐARDÓTTIR **6.** GEIR FINNSSON **1.** ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR **2.** PAWEL BARTOSZEK **3.** DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR **4.** GUNNLAUGUR B. BJÖRNSSON

# Viðreisn er 2 ára

Við nýtum tímann vel og setjum almannahagsmuni alltaf í forgrunn

### Á einungis tveimur árum

Lögfestum jafnlaunavottun
Hristum upp í stöðnuðum kerfum
Opnuðum reikninga ríkisins
Greiddum niður skuldir
Lækkuðum vaxtakostnað um 6 milljarða
Settum neytendur í forgrunn
Breyttum skilgreiningu á nauðgun
Settum af stað aðgerðaráætlun í húsnæðismálum

### Framundan í Reykjavík

Þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta
Öflugara atvinnulíf
Framúrskarandi skólar
Gegnsæi
Betri rekstur
Inn með úthverfin
Opna reikninga Reykjavíkur



REYKJAVIK.VIDREISN.IS

# Ákærður fyrir að bera út hatur í nafni konu sinnar

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum hefur ákært mann fyrir hatursorðræðu vegna ummæla sem birt voru í kommentakerfi DV í nafni eiginkonu hans. Aðalmeðferð fer fram í dag.

Ummælin voru rituð í júlí 2016 við frétt sem bar yfirskriftina „Sema Erla sökuð um herferð gegn Útvarpi Sögu: Birtir hatursfull skilaboð“ og undir fréttinni var skrifað: „Vona að Sema Erla Serðir farist í næstu hryðjuverkaárás skítmenna af hennar tagi (múslimaskítmenna).“

Í ákæru eru þessi orð talin fela í sér sér ógnun, háð, rógburð og smánun á opinberum vettvangi í garð ótiltekins hóps manna hér á landi vegna trúarbragða þeirra.

Ummælin birtust undir nafni og starfsheiti eiginkonu hins ákærða, en hún er leikskólakennari í Eyjum. Ummælin komu eiginkonunni sjálfri í opna skjöldu þegar hún varð þeirra vör, en skjáskot af þeim fóru eins og eldur í sinu um samfélagsmiðla og furðuðu sig margir á því að leikskólakennari gæti viðhaft svo hatursfull ummæli opinberlega. Í samtali við DV eftir að ummælin féllu sagðist hún enga hugmynd hafa um hver gæti hafa skrifað athugasemdina, sem var rituð í gegnum Facebook-aðgang konunnar á kommentakerfi miðilsins.

Þá lýsir konan því að henni sé þetta ekki eingöngu þungbært hennar vegna heldur einnig vegna þess hve margir hafi farið að rakka Eyjar niður með orðum um að þetta yrði þaggað niður því þannig væru Eyjar. Þvert á þá spádóma virðist lögreglan í Eyjum hafa tekið frumkvæði í málinu, því ummælin voru aldrei formlega kærð.

„Það er verið að setja fólki mörk og ákveða hversu langt má ganga í garð annars fólks og tiltekinna hópa á internetinu og það skiptir máli að fá skýrar línur um það,“ segir Sema Erla Serdar aðspurð um væntingar sínar til niðurstöðu málsins. Hún ber vitni við aðalmeðferðina í dag, en nokkur samskipti munu hafa átt sér stað milli hennar og hjónanna eftir að ummælin komust í hámæli á samfélagsmiðlum. Aðspurð segist Sema ekki hafa gert upp við sig hvort hún muni sjálf leita réttar síns vegna ummælanna. „Sjáum fyrst hver niðurstaðan í þessu máli verður.“ **– aá**



**Sema Erla Serdar, stjórnmála- og Evrópufræðingur.**



**Sektir fyrir að tala í síma undir stýri hækkuðu 1. maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 4,5 milljónir í símasektir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur sektað 113 ökumenn fyrir að nota farsíma við akstur frá 1. maí. Reglugerð um sektir og umferðarlagabrot breyttist 1. maí og hækkaði sektin fyrir að tala í farsíma án handfrjáls búnaðar úr fimm þúsund krónum í 40 þúsund.

Lögreglan fór í átak og hefur verið dugleg að sekta ökumenn á mun hærri taxta en áður. Miðað við þann fjölda sem tekinn hefur verið við að gjamma í og glápa á farsímann sinn á þessum þremur vikum hefur lögreglan sótt rúmar 4,5 milljónir króna úr vösum þeirra í formi sekta. **– smj**

## Skotárásin í Parkland virðist litlu hafa breytt

**BANDARÍKIN** Skólaskotárásin í Parkland í Flórída, þar sem sautján nemendur voru myrtir, hafði engin varanleg áhrif á afstöðu Bandaríkjamanna gagnvart skotvopnaeign. Reuters greinir frá og vísar í nýja könnun. Samkvæmt henni hefur stuðningur við að herða löggjöf um skotvopn þokast upp á við undanfarin ár. Venjulega, þegar skólaskotárás er gerð, tekur stuðningur kipp áður en hann fer aftur niður í það hlutfall sem var fyrir árásina.

Könnunin sýnir 69 prósenta stuðning við að herða löggjöfina. **– þea**

# Dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir hrottafengna nauðgun

**Hleruð símtöl úr símtæki brotaþola voru meðal sönnunargagna í nauðgunarmáli. Konan hafði þó óskað eftir því að falla frá kæru um nauðgun. Í dómi segir að upprunalegur framburður konunnar hafi fengið „verulega stoð“ í gögnum málsins. Þetta er í annað skipti sem maðurinn hlýtur dóm fyrir nauðgun.**

**DÓMSMÁL** Stefán Þór Guðgeirsson hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir hrottafengna nauðgun. Dómurinn var birtur í gær. Brotaþoli dró kæru sína til baka en rannsókn og saksókn náði samt fram að ganga.

Nauðgunin átti sér stað í desember 2016 en þá voru Stefán og konan í sambandi. Eftir nauðgunina leitaði brotaþoli á neyðarmóttöku. Inga Lillý Brynjólfsdóttir var skipaður réttargæslumaður konunnar. Síðar óskaði brotaþoli eftir því að skipun hennar og kæran yrði dregin til baka og að Sveinn Andri Sveinsson yrði skipaður réttargæslumaður hennar.

Rannsókn lögreglu á íbúð Stefáns leiddi í ljós að blóð var að finna á baðherberginu og að hár væri á víð og dreif um íbúðina. Kom það heim og saman við lýsingar brotaþola á neyðarmóttöku um að hún hefði verið beitt miklu ofbeldi.

Tveimur dögum síðar kom brotaþoli á lögreglustöð. Vildi hún þá ekki að málið færi lengra og sagði að ef sér yrði gert að tala frekar um það myndi hún segja að frásögn sín hefði öll verið lygi. Það væri „best fyrir hana og hennar fjölskyldu“.

Degi síðar ritaði hún undir umboð til Sveins Andra til að vera réttargæslumaður sinn í málinu. Þá ritaði hún undir yfirlýsingu þar sem fram kom ósk hennar um að rannsókn yrði látin niður falla.

„Ég vil taka það skýrt fram að [Stefán] braut á engan hátt gegn kynfrelsi mínu, né beitti hann mig ofbeldi. Ég var reið út í [Stefán] og undir áhrifum MDMA þegar ég gaf skýrsluna hjá lögreglu, þannig að atburðir næturinnar ýktust upp í huga mínum, auk þess sem ég miklaði þá fyrir mér og ýkti,“ segir í yfirlýsingunni.





**Fyrir dómi neitaði Stefán sök og sagði að um „röff“ kynlíf hefði verið að ræða með samþykki beggja.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þremur dögum síðar aflaði lögregla dómsúrskurðar til að hlera síma brotaþola. Meðal gagna voru upptökur af símtölum.

„Veistu það sko þarna textinn sem þeir sömdu sem að ég átti að skrifa undir, þetta er bara það mest niðurlægjandi sem að ég hef á ævi minni þurft að skrifa undir í lífinu,“ sagði brotaþoli í símtali við systur sína þann 16. desember. Síðar sagði hún við systur sína að henni hefði verið boðin milljón ef hún héldi kjafti.

Fyrir dómi neitaði Stefán sök og sagði að um „röff“ kynlíf hefði verið að ræða með samþykki beggja. Framburður brotaþola var eins. Í málinu lá fyrir að brotaþoli var undir áhrifum MDMA. Fyrir dóminn kom lyfjafræðingur sem sagði lyfið geta valdið ranghugmyndum.

„Upphaflegur framburður brotaþola á neyðarmóttöku, bæði fyrir heilbrigðisstarfsmönnum og lögreglu, fær verulega stoð í gögnum og skýrslum læknisins og hjúkrunarfræðingsins fyrir dómi. Á hinn bóginn þykir síðari framburður brotaþola um ranghugmyndir sem hún hafi verið haldin frá því atvik málsins urðu heima hjá ákærða og fram á nótt á neyðarmóttöku, ekki sennilegur. Þykir mjög ósennilegt að brotaþoli hafi samþykkt og jafnvel óskað eftir endaþarmsmökum og öðrum mökum, sem hafi skilið hana eftir með alla þá áverka sem sannað er að hún var með við skoðun á neyðarmóttöku,“ segir í dómnum.

Stefán var sakfelldur fyrir nauðgun og dæmdur til að greiða sakarkostnað, um tíu milljónir. **joli@frettabladid.is**


SUMARTILBOÐ Á FIAT TIPO

FIAT TIPO HATCHBACK
TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.390.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ 3.090.000 KR.

FIAT TIPO STATION WAGON
TILBOÐSVERÐ FRÁ 2.490.000 KR.
LISTAVERÐ FRÁ 3.290.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.

STAÐALBÚNAÐUR: 120 HÖ, LOFTKÆLING, BAKKMYNDAVÉL, BLUETOOTH, SNERTISKJÁR, HITI Í SÆTUM OG SPEGLUM, 16“ ÁLFELGUR, AKSTURSTÖLVA O.FL.





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT · ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · S. 534 4433
WWW.FIAT.IS · WWW.ISBAND.IS · ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

# ÚRVAL AF GLÆSILEGUM NOTUÐUM BÍLUM





**HYUNDAI Kona Premium** — Nýskr. 04/18
Ekinn 1 þ.km, bensín, sjálfskiptur
Rnr. 121461
VERÐ: **4.990 þús. kr.**



**RENAULT** Nýskr. 05/17
**Megane Zen**

Ekinn 26 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**2.790 þús. kr.**
Rnr. 144612



**SKODA** Nýskr. 08/17
**Kodiaq Style – 7 manna**

Ekinn 12 þ.km
Bensín
Sjálfskiptur

VERÐ:
**6.290 þús. kr.**
Rnr. 331500

Lykill fjármögnun

Mánaðargreiðsla er gerð samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðu lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

# ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS



**SUBARU** Nýskr. 03/15
**Outback Lux**

Ekinn 82 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**4.190 þús. kr.**
Rnr. 430083



**RENAULT** Nýskr. 03/17
**Kadjar Bose 4wd**

Ekinn 13 þ.km
Dísil
Beinskiptur

VERÐ:
**4.390 þús. kr.**
Rnr. 430012



**NISSAN** Nýskr. 07/17
**Pulsar Acenta**

Ekinn 12 þ.km
Dísil
Beinskiptur

VERÐ:
**2.790 þús. kr.**
Rnr. 331499



**FORD** Nýskr. 10/16
**Focus Trend Edition**

Ekinn 28 þ.km
Bensín
Beinskiptur

VERÐ:
**2.450 þús. kr.**
Rnr. 391137



**HONDA** Nýskr. 03/16
**CRV Executive**

Ekinn 72 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**4.490 þús. kr.**
Rnr. 121431



**NISSAN** Nýskr. 01/16
**Leaf Acenta 24kw**

Ekinn 28 þ.km
100% Rafmagn
Sjálfskiptur

VERÐ:
**2.490 þús. kr.**
Rnr. 331468



**BMW** Nýskr. 01/15
**218d Active Tourer**

Ekinn 30 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**3.390 þús. kr.**
Rnr. 145019



**KIA** Nýskr. 05/16
**Rio EX.**

Ekinn 14 þ.km
Dísil
Beinskiptur

VERÐ:
**2.190 þús. kr.**
Rnr. 391060



**NISSAN** Nýskr. 02/17
**X-Trail Acenta 2wd**

Ekinn 11 þ.km
Dísil
Sjálfskiptur

VERÐ:
**4.690 þús. kr.**
Rnr. 284604



**HYUNDAI** Nýskr. 10/15
**i10 Comfort**

Ekinn 56 þ.km
Bensín
Beinskiptur

VERÐ:
**1.490 þús. kr.**
Rnr. 121442

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

ENNEMM / SÍA / NM88376

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.**

**bílaland**

# Ekla neyðir foreldra til að deila lyfjum

**Dæmi eru um að foreldrar langveikra barna hafi leitað út fyrir landsteinana til að útvega nauðsynleg lyf sem illa gengur að afgreiða hér á landi. Hópar til slíks eru til á samskiptamiðlum.**



Langan tíma getur tekið að fá undanþágulyf hingað til lands frá því að leyfi frá Lyfjastofnun liggur fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HEILBRIGÐISMÁL** Foreldrar langveikra barna hafa gripið til þess ráðs að deila innbyrðis lyfjum sín á milli sökum þess að ekla er á þeim í landinu. Nær undantekningalaust er um undanþágulyf að ræða.

„Í tilfelli dóttur okkar þá fær hún þriggja mánaða skammt í einu. Um leið og við höfum fengið þann skammt leggjum við inn beiðni fyrir þeim næsta og þrátt fyrir það er ekki tryggt að hann sé tilbúinn þegar þar að kemur,“ segir Sigurður Hólmar Jóhannesson, faðir tólf ára stúlku með sjaldgæfan taugasjúkdóm.

Sigurður segir að dóttir hans þurfi þrjú lyf sem hún tekur daglega auk eins björgunarlyfs. Öll lyfin eru háð undanþágum hverju sinni. Ítrekað hafi það komið fyrir að lyfin séu ekki til hjá birgja þar sem þau hafi ekki verið pöntuð eða að skortur sé á þeim erlendis.

„Eitt sinn gripum við til þess ráðs í neyð að fá lyfið sent frá vinafólki okkar í Kanada sem á stelpu með sama sjúkdóm. Sendingin var stöðvuð í tollinum þar sem ólöglegt er að flytja lyf til landsins með þessum hætti. Þá var dóttir okkar komin á síðustu pillu af lyfi sem er henni lífsnauðsynlegt. Það þurfti mörg símtöl og tölvupósta á hæstu staði til að fá lyfið,“ segir Sigurður.

Elín Ingibjörg Kristófersdóttir hefur sömu sögu að segja. Sex ára sonur hennar er með Dravet heilkenni og fær tíð flogaköst af þeim

> Mér finnst ótækt að foreldrar langveikra barna með fötlun skuli þurfa að standa í því að hringja hingað og þangað með ákveðnina að vopni til að fá sómasamlega afgreiðslu á lyfjum sem eru lífsnauðsynleg barninu þeirra.
>
> Elín Ingibjörg Kristófersdóttir

sökum. Honum hefur verið gefið lyf sem dregur úr og styttir hvert flogakast.

„Fyrir fjórum árum vorum við búsett í Danmörku og þá var ekkert vandamál að fá lyfið. En eftir að við fluttum til Íslands hefur nær alltaf verið vesen að fá lyfið afgreitt. Ég hef vanið mig á að vera alltaf í tíma að panta lyfin því ég veit að afgreiðslan tekur tíma. Þrátt fyrir það fæ ég oft einungis hluta af lyfjaskammtinum afgreiddan og stundum bara alls ekkert,“ segir hún.

Elín segir að hún hafi oftar en einu sinni og oftar en tvisvar þurft að grípa til þess ráðs að leita á náðir foreldra hins barnsins sem fær lyfinu ávísað.

Aðrir foreldrar í sambærilegri stöðu sem Fréttablaðið hefur rætt við segjast einnig hafa neyðst til að grípa til slíkra aðgerða. Dæmi eru um að hópar séu á Facebook þar sem foreldrar óska eftir lyfjum í neyð til að tryggja velferð barna sinna.

„Þetta setur mann í ömurlega stöðu þar sem þú getur lent í því að þurfa að meta hvort þú sért að ógna heilbrigði hjá þínu eigin barni til að hjálpa öðru barni sem er í enn meiri hættu,“ segir einn viðmælandi Fréttablaðsins. Enn annar viðurkennir að hafa gert sér ferð til útlanda, keypt lyfið í apóteki þar og komið síðan með það til landsins í farangri sínum.

„Ég get vel skilið að það geti komið upp ýmis mál hvað þetta varðar þegar barn er að byrja á undanþágulyfi og það þarf að komast ákveðinn gangur í ferlið. En mér finnst ótækt að foreldrar langveikra barna með fötlun skuli þurfa að standa í því að hringja hingað og þangað með ákveðnina að vopni til að fá sómasamlega afgreiðslu á lyfjum sem eru lífsnauðsynleg barninu þeirra,“ segir Elín.

joli@frettabladid.is


Kvika gefur út sex mánaða víxla

24. maí 2018

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 18 0920 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta, þann 23. maí 2018, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku *www.kvika.is/um-kviku/um-kviku#tab2*

KVIKA

kvika.is

Pipar\TBWA


# Reykjanesbær svarar spurningum um meint vanhæfi seint og um síðir

**REYKJANESBÆR** Skipulagsstofnun höfðu í gær ekki borist svör frá bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ við spurningum og athugasemdum sem stofnunin sendi skipulagsfulltrúa bæjarins þann 20. apríl vegna samþykktra deiluskipulagsbreytinga þar sem gert er ráð fyrir að gamla Sundhöllin í Keflavík verði rifin. Eftirgrennslan Fréttablaðsins virðist hafa komið hreyfingu á málið en stofnuninni mun berast svar í dag að sögn bæjarstjóra.

Í bréfi sem stofnunin sendi bænum var óskað eftir svörum við spurningum og athugasemdum stofnunarinnar eigi síðar en 9. maí. Spurningarnar snúa meðal annars að meintu vanhæfi nefndarmanns í umhverfis- og skipulagsráði. Á þetta var bent í skoðanagrein þeirra Jóns Eysteinssonar, Margrétar Sturlaugsdóttur og Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, stjórnenda Hollvinasamtaka Sundhallarinnar, sem birtist á frettabladid.is í gærkvöldi.

Þetta staðfesti Málfríður K. Kristiansen, sviðsstjóri deiluskipulagssviðs hjá Skipulagsstofnun. „Við höfum ekki fengið viðbrögð frá Reykjanesbæ. Þau ætluðu að senda okkur svar 15. maí, þetta gæti verið á leiðinni,“ sagði Málfríður í samtali við Fréttablaðið.

„Skipulagsstofnun er skyldug til að gefa tveggja vikna frest og við fundum á mánaðarfresti þannig að því miður gengur þetta ekki oft saman,“ sagði Gunnar Ottósson, skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar, um málið. Hann bætti því við að gögnin væru mjög stutt frá því að vera tilbúin.

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Kjartan Már Kjartansson, var ekki á sömu blaðsíðu og þau Gunnar og Málfríður. Í samtali við blaðamann sagði hann gögnin hafa verið send.



Gamla Sundhöllinn í Keflavík er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni.

> Það voru gerðar athugasemdir sem okkur bar að verða við.
>
> Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar



„Það átti að vera þannig fyrir viku síðan,“ sagði hann áður en hann rauk á fund.

Eins og áður sagði virðist þessi eftirgrennslan Fréttablaðsins hafa hreyft við málinu, því síðdegis tilkynnti bæjarstjórinn blaðamanni að hann hefði nýlokið við að skrifa undir fullkláruð gögn og að þau yrðu send Skipulagsstofnun degi síðar, nánar tiltekið í dag. „Það voru gerðar athugasemdir sem okkur bar að verða við,“ bætti hann við. Einnig sagði hann að afgreiðsla svona mála í opinbera kerfinu ætti það til að taka langan tíma. – gps




## Dr. Hauschka lífrænt vottaðar húðvörur

**20% afsláttur af öllum Dr. Hauschka vörum**
**í Hagkaup Kringlunni dagana 24. - 30. maí**

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Telur vaxtalækkun geta lækkað leigu

**Forstjóri Heimavalla segir umræðu um hátt leiguverð ekki hafa verið félaginu til góðs. Helmings lækkun vaxta gæti lækkað leiguverð um 20 prósent. Viðskipti með bréf félagsins í Kauphöll Íslands hefjast í dag.**

**VIÐSKIPTI** „Þessi umræða hefur örugglega ekki verið okkur til góðs. En við höfum reynt að vanda okkur eins og við getum í okkar störfum,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri fasteignafélagsins Heimavalla, um umræðuna sem hefur farið fram síðustu daga um hækkun húsaleigu hjá íbúðaleigufélögum eins og Heimavöllum, Almenna leigufélaginu og Íbúðalánasjóði. Hlutafjárútboð með bréf í félaginu fór fram í byrjun mánaðar og í dag hefjast viðskipti með bréfin á Aðallista Kauphallar Íslands.

Í sögum sem leigjendur íbúðarhúsnæðis hafa sent VR segir til dæmis frá manni sem greiddi 115 þúsund krónur í leigu á mánuði. Á einum mánuði hafi leigan hækkað upp í 170 þúsund. Þá er sagt frá fjölskyldu sem tók íbúð á leigu árið 2016 og greiddi 225 þúsund. Leigan hafi síðan verið hækkuð um 25 þúsund í fyrra og svo aftur um 25 þúsund í ár. Það er 50 þúsund króna hækkun á tveimur árum. Þriðja dæmið er um konu sem tók hús á leigu af leigufélagi árið 2010 og greiddi 200 þúsund krónur í leigu á mánuði. Í janúar 2017 var leigan orðin 270 þúsund. Nýlega fékk hún tilkynningu um að leigan yrði hækkuð í 400 til 450 þúsund krónur á mánuði.

Guðbrandur segir að eðlilega hafi leiguverð hækkað hjá Heimavöllum, eins og hjá mörgum öðrum, en ekkert í líkingu við það sem rætt hefur verið um. „Enda hefur ekki verið bent á slík dæmi hjá Heimavöllum hingað til.“



Í reynslusögum sem leigjendur hafa sent VR er sagt frá íbúðum þar sem leiguverð hefur hækkað um tugi prósenta á milli ára. Forstjóri Heimavalla segir að leiguverð ráðist af húsnæðisverði og vöxtum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fyrsta skráning í hálft annað ár

Skráning Heimavalla á Aðallista Kauphallar Íslands er sú fyrsta síðan bréf í Skeljungi voru tekin til viðskipta í desember 2016. Í hlutafjárútboði Heimavalla sem lauk 8. maí voru seldir 750 milljón nýir hlutir fyrir rétt rúmlega milljarð króna. Vegið meðalgengi í útboðinu var 1,39 krónur á hlut og var heildarvirði alls hlutafjár að lokinni hlutafjáraukningu því 15,6 milljarðar króna.

Eignir Heimavalla námu tæplega 56 milljörðum króna um síðustu áramót og var eigið fé tæplega 17,6 milljarðar króna. Leigutekjur félagsins á síðasta ári námu rétt tæplega 3,1 milljarði króna en rekstrarkostnaður fjárfestingareigna nam rúmum milljarði. Hreinar leigutekjur námu því rétt tæplega 2,1 milljarði. Rekstrarhagnaður félagsins fyrir matsbreytingu eigna nam 1,6 milljörðum króna.

Hann segir þó að upp hafi komið dæmi þar sem Heimavellir hafi verið að taka yfir eignasöfn þar sem leigjendur hafi búið í íbúðum á grundvelli svokallaðrar dæmdrar leigu. Í slíkum tilfellum sé leiguverðið mjög lágt miðað við markaðsleigu.

Dæmd leiga er þegar Íbúðalánasjóður hefur eignast íbúð á uppboði. Sá sem býr í íbúðinni hefur þá farið fyrir dómstóla og fengið seturétt í íbúðinni á því leiguverði sem dómari ákveður. Guðbrandur gerir ráð fyrir að mesta hækkunin á leiguverði hafi verið þegar verið var að færa leigjendur úr slíkri leigu yfir í markaðsleigu.

„Ég held líka að það sé mjög til bóta fyrir umræðuna að sjá reglulegan rekstur á svona leigufélögum. Það er langt í frá að það sé sjálfgefið að það sé hægt að gera þetta, en með því að einbeita sér að því að ná fram stærðarhagkvæmni og vanda vel valið á íbúðum inn í safnið þá er þetta algjörlega raunhæfur kostur,“ segir Guðbrandur. Leiguverð verði alltaf einhver birtingarmynd af íbúðaverði og vaxtastigi.

„Við erum að vinna á vaxtastigi sem er í rúmum fjórum prósentum. Nágrannalöndin eru í tæplega prósenti. Ef við gætum lækkað vaxtakostnað um helming þá værum við að ná fram 20 prósent lækkun á leigu að öllu óbreyttu. En auðvitað vitum við að ef vextir lækka skart þá getur það haft áhrif á eignarverð þannig að það er vandrataður vegur í þessu.“ jonhakon@frettabladid.is

> **Ég held líka að það sé mjög til bóta fyrir umræðuna að sjá reglulegan rekstur á svona leigufélögum.**
>
> Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Heimavalla



## Stærstu eigendur

Heimavellir munu í dag birta nýjan lista yfir 20 stærstu hluthafa félagsins. Hinn 23. apríl síðastliðinn voru 82 hluthafar í félaginu. Þeir 20 stærstu voru þessir:

- Heimavellir leigufélag slhf. 10%
- Stálskip ehf. 8,12%
- Snæból ehf. 7,43%
- Gani ehf. 7,43%
- Sjóvá Almennar 4,68%
- Túnfljót ehf. 4,44%
- Vátryggingafélag Íslands hf. 3,86%
- Klasi fjárfesting ehf. 3,80%
- Frostaskjól ehf. 3,77%
- M75 ehf. 3,62%
- Brimgarðar ehf. 2,31%
- Lífsverk lífeyrissjóður 2,29%
- Birta lífeyrissjóður 2,26%
- Eignarhaldsfélagið VGJ ehf. 1,96%
- Orbis Invest ehf. 1,94%
- TM fé ehf. 1,90%
- Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 1,84%
- Fjallatindar ehf. 1,73%
- Laugavegur ehf. 1,71%
- Efniviður ehf. 1,54%
- Aðrir 23,26%





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is




Árlega stendur VR fyrir kjöri á *Fyrirtæki ársins*. Niðurstöður stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi liggja nú fyrir.

**Stór fyrirtæki**
dk hugbúnaður
Johan Rönning
Nordic Visitor
Pipar / TBWA
Sjóvá

**Meðalstór fyrirtæki**
Áltak
Cyren
Expectus
Fulltingi
Margt smátt

**Lítil fyrirtæki**
Attentus
Beiersdorf
Eirvík
Microsoft Ísland
Rafport

VR óskar *Fyrirtækjum ársins* til hamingju með frábæran árangur!

VR

## Facebook vill nektarmyndir fyrirfram

**TÆKNI** Valdir notendur Facebook í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi og Ástralíu fá nú að taka þátt í tilraunaverkefni samfélagsmiðilsins þar sem þeim býðst að senda Facebook nektarmyndir af sjálfum sér áður en myndin er síðan er send öðrum. Ýmsar öryggisstofnanir í löndunum fjórum taka þátt í verkefninu með Facebook.

Frá þessu greindi Antigone Davis, yfirmaður öryggismála hjá Facebook, en um er að ræða nýtt skref í baráttu Facebook gegn stafrænu kynferðisofbeldi og framhald á tilraun sem gerð var í Ástralíu í nóvember síðastliðnum.

Notendur, sem óttast að nektarmynd af þeim verði deilt án samþykkis, geta nú haft samband við eina af þeim stofnunum sem vinna með Facebook að verkefninu og fyllt út eyðublað. Þá fær viðkomandi einnota hlekk til að hlaða upp nektarmyndinni. Sérþjálfaður starfsmaður Facebook fer svo yfir beiðnina og býr til sérstakan einkenniskóða (e. hash) fyrir hana.

Samkvæmt Davis mun myndinni svo verða eytt úr tölvukerfi Facebook innan sjö daga. Kóðinn er hins vegar geymdur svo hægt sé að loka á að myndinni sé hlaðið inn á Facebook eða Instagram.

„Það er niðurlægjandi og hrikalegt þegar nektarmyndum er deilt án samþykkis. Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að hjálpa þolendum stafræns kynferðisofbeldis,“ sagði Davis í tilkynningunni. – **þea**

# Funda um uppljóstrara með leiðtogum Repúblikana í dag

**Leiðtogar Repúblikana funda með toppum eftirlits- og löggæslustofnana og fá leyniskjöl um uppljóstrara alríkislögreglu í forsetaframboði Trumps. Forseti segir alríkislögreglu hafa njósnað um sig í pólitískum tilgangi, áður en Rússamálið kom upp, en sú staðhæfing er umdeild og The New York Times fullyrðir að hún sé röng.**

**BANDARÍKIN** Toppar bandarískra eftirlits- og löggæslustofnana munu funda með leiðtogum Repúblikana á þinginu í dag. Þar munu topparnir deila með leiðtogunum leyniskjölum sem tengjast uppljóstrara FBI sem ræddi við starfsmenn forsetaframboðs Donalds Trump á árdögum rannsóknar alríkislögreglu á meintu samráði framboðsins við rússnesk yfirvöld og afskiptum Rússa af kosningunum.

Uppljóstraramálið er forseta hugleikið. Ákvað hann meðal annars um helgina að krefjast þess að dómsmálaráðuneyti hans rannsakaði þessar „njósnir“ alríkislögreglunnar og spurði hvort Barack Obama, fyrrverandi forseti, hefði fyrirskipað aðgerðirnar. Þá hefur Trump fullyrt að uppljóstrarinn hafi komið sér inn í framboðsteymið áður en hin svokallaða Rússarannsókn hófst, aðgerðin hafi sem sagt verið í pólitískum tilgangi, en samkvæmt The New York Times er sú fullyrðing röng.



Trump hefur oft sagt alríkislögregluna hafa njósnað um sig. NORDICPHOTOS/AFP

„Sjáið bara hvernig þetta hefur snúist í höndunum á hinu glæpsamlega djúpríki. Það reynir að elta falsað samráð við Rússa, uppskáldað svindl, og er síðan gripið glóðvolgt í risavöxnu NJÓSNAhneyksli af stærðargráðu sem þetta land hefur jafnvel aldrei séð áður,“ tísti Trump og hélt áfram: „SPYGATE gæti orðið eitt stærsta pólitíska hneykslismál allra tíma.“

Forseti og stuðningsmenn hans hafa haldið fram að rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, á meintu samráði sé hluti af samsæri hins svokallaða djúpríkis (e. deep state) gegn sér. Djúpríkið á að vera samsett af áhrifamönnum innan ríkisstofnana, leyniþjónustu- og löggæslustofnana og hersins. Eru ásakanir Trumps nú áþekkar þeim sem hann setti fram á fyrstu dögum forsetatíðar sinnar, þegar hann sagði Obama hafa látið hlera Trump-turninn. Dómsmálaráðuneytið hrakti síðar þær fullyrðingar.

Til fundardagsins var boðað eftir að forseti kallaði Christopher Wray alríkislögreglustjóra og Rod Rosenstein varadómsmálaráðherra á sinn fund til að krefjast rannsóknar á málinu sem forseti kallar Spygate.

> **SPYGATE gæti orðið eitt stærsta pólitíska hneykslismál allra tíma.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Þá er fundurinn einnig haldinn í tengslum við stefnu þingmannsins Devins Nunes. Sá krafðist þess að öll skjöl um uppljóstrarann, bandaríska fræðimanninn, yrðu afhent upplýsingamálanefnd neðri deildar þingsins. Þeirri beiðni var í upphafi hafnað en vegna þrýstings Trumps er ljóst að Repúblikanar fá allavega hluta skjalanna í hendurnar.

Demókratar hafa ítrekað gagnrýnt Nunes fyrir að reyna að grafa undan rannsókn Muellers með kröfum sínum og fullyrðingum um samsæri gegn forsetanum. Hafa meðal annars sagt Nunes misnota stöðu sína sem formaður upplýsingamálanefndarinnar. Þá hafa Demókratar lýst yfir óánægju með að vera skildir út undan á fundi dagsins. **thorgnyr@frettabladid.is**


DACIA

Nýr Dacia Sandero




Stór bíll, lágt verð!
1.990.000 kr.
www.dacia.is

Dacia bílar hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt með framúrskarandi endingu og hagstæðu verði.
Nýr Dacia Sandero er rúmgóður millistærðarbíll á verði smábíls. Verið velkomin í reynsluakstur!

ENNEMM / SÍA / NM88081

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Gengi hlutabréfa Eimskips aldrei lægra

**Hlutabréfaverð Eimskips hefur ekki verið lægra frá því að félagið var skráð í Kauphöll Íslands í nóvember 2012. Greinandi segir ekki nema von að fjárfestar séu skelkaðir. Skipafélagið gæti átt yfir höfði sér sekt upp á hundruð milljóna króna verði það fundið brotlegt.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



„Reksturinn hefur verið þungur síðustu fimmtán mánuði og þegar við bætist að tveir stjórnendur félagsins fá stöðu sakbornings og að félagið á mögulega yfir höfði sér sektargreiðslu er ekki nema von að fjárfestar séu skelkaðir,“ segir Snorri Jakobsson, hlutabréfagreinandi hjá Capacent, um mikla gengislækkun hlutabréfa í Eimskip undanfarna daga.

Bréfin hafa fallið um 5,4 prósent í verði eftir að félagið greindi frá því síðastliðið mánudagskvöld að Gylfi Sigfússon forstjóri og Bragi Þór Marinósson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs, hefðu fengið stöðu sakbornings í rannsókn héraðssaksóknara á meintu samráði Eimskips og Samskipa. Gengi bréfanna stóð í 192,5 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær og hefur það ekki verið lægra frá skráningu félagsins í Kauphöll í nóvember árið 2012. Útboðsgengið var 208 krónur á hlut en lægst fór gengið í 207 krónur í júnímánuði 2015.

„Þetta lítur ekki allt of vel út,“ bætir Snorri við.

Ef Samkeppniseftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að Eimskip hafi gerst brotlegt við samkeppnislög gæti skipafélagið átt yfir höfði sér sekt upp á nokkur hundruð milljóna króna, að sögn viðmælenda Fréttablaðsins. Þeir benda á að þrjú félög hafi þurft að greiða samtals 1,5 milljarða króna í sektir í olíusamráðsmálinu og þá hafi 500 milljóna króna sekt verið lögð á kortafyrirtækið Valitor vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.




**Skipafélagið Eimskip hefur hafnað ásökunum um að hafa gerst brotlegt gegn ákvæðum samkeppnislaga. Er það von félagsins að rannsókninni fari senn að ljúka en í tilkynningu til Kauphallarinnar fagnar félagið því að nú, fimm árum eftir að rannsókn málsins hófst, virðist sem loksins sé kominn skriður á rannsóknina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Snorri segir að stjórnendur Eimskips hafi átt að upplýsa fjárfesta betur um stöðu meinta samráðsmálsins. Ekki hafi borið mikið á upplýsingum um málið og hugsanlega sektargreiðslu í afkomukynningum. „Þeir áttu að mínu mati að standa betur að málum. Betri upplýsingagjöf til markaðarins hefði verið til bóta,“ segir Snorri.

Auk þeirra Gylfa og Braga Þórs hafa þeir Pálmar Óli Magnússon, forstjóri Samskipa á Íslandi, og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa Logistics, stöðu sakbornings í rannsókn héraðssaksóknara. Samkvæmt samkeppnislögum getur sá sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma ólögmætt samráð átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsisdóm.

Til viðbótar við rannsókn saksóknara rannsakar Samkeppniseftirlitið möguleg samkeppnisbrot skipafélaganna.

Eggert B. Ólafsson, lögfræðingur hjá Samkeppnisráðgjöf, segir að ýmsir þættir hafi áhrif á fjárhæð sekta í samráðsmálum. Til dæmis hvort brot hafi komist til framkvæmda, hvort um ásetning, en ekki bara hreint gáleysi, hafi verið að ræða, hve lengi brotin hafi staðið yfir, hve umfangsmikil þau hafi verið og eins hvort fyrirtæki hafi átt frumkvæði að sáttaumleitunum og viðurkennt brot.

„Tilhneigingin hefur verið sú að sektir lækki nokkuð í meðförum áfrýjunarnefndar samkeppnismála og dómstóla, án þess að það sé sérstaklega rökstutt, en þó eru til undantekningar frá því,“ segir Eggert.

**43%**

**er gengislækkun bréfa í Eimskip frá því gengið var hvað hæst í maí á síðasta ári.**

Jóhann Viðar Ívarsson, greinandi hjá IFS, bendir á að sé litið til sektarfjárhæða í samkeppnisbrotamálum hafi þær gjarnan hlaupið á einhverjum hundruðum milljóna króna í tilfelli stórra fyrirtækja. Sem dæmi hafi Héraðsdómur Reykjavíkur nýverið dæmt Byko til þess að greiða 400 milljónir króna í sekt vegna ólögmæts samráðs sem sé sögulega séð há sekt. Upphæðir í þeim dúr séu hins vegar ekki háar séu þær settar í samhengi við rekstur og markaðsvirði Eimskips.

### Lítill áhugi á kaupum

Jóhann Viðar segir markaðinn hafa brugðist harkalega við tveimur slæmum fregnum af Eimskip. „Annars vegar var fyrsti fjórðungur ársins vonbrigði, aðallega vegna vandræða í Afríku, og hins vegar hafa ný tíðindi borist af rannsókn á meintum samráðsbrotum félagsins. Þessar fregnir bárust hvor ofan í aðra sem skýrir kannski hve mikil viðbrögðin voru.“

Vissulega hafi tíðindin verið neikvæð en gengislækkunin sé engu að síður mikil. Einhverjir kunni að sjá kauptækifæri í Eimskip núna.

Greinendur IFS mátu gengi bréfa skipafélagsins á ríflega 300 krónur í síðasta verðmati, hagfræðideild Landsbankans á 295 krónur og sérfræðingar Capacent á 280 krónur. Bréf félagsins fóru hvað hæst í 339 krónur í maí í fyrra en hafa fallið um 43 prósent síðan þá.

Snorri segir töluverðan mótvind vera í rekstri félagsins, svo sem vegna hækkandi olíuverðs, styrkingar krónunnar gagnvart Bandaríkjadal og óróa á vinnumarkaði. „Við erum að sjá sömu þróun bæði hjá Eimskip og Icelandair þar sem til viðbótar við almenna óvissuþætti hjálpar það félögunum ekki að eiga við íslenskan vinnumarkað og íslenska krónu,“ nefndi hann.

Sem kunnugt er tilkynnti bandaríska fjárfestingarfélagið Yucaipa, stærsti hluthafi Eimskips, í nóvember að það skoðaði möguleika á að selja fjórðungshlut sinn í skipafélaginu. Ráðgjafar félagsins hafa á undanförnum mánuðum fundað með fjárfestum og kannað áhuga þeirra á kaupum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur áhuginn reynst lítill. Hefur mikið borið á milli hvað verðhugmyndir varðar.

## Er fátækt eðlilegt ástand?

*Ástæða þess að svona margir lifa í sárri fátækt hlýtur að vera vankunnátta þeirra fátæku á eigin réttindum. Sumt fólk er svo heppið að eiga eigin húsnæði en það þarf samt mat og föt.*

*Lágmarksframfærsla einstaklings er 159.000 kr á mánuði en það er einungis til framfærslu. Fátækt fólk þarf líka þjónustu tannlækna, sem og aðra læknisþjónustu.*

***Björgvin Ómar Ólafsson, Frumskógum 6, 810 Hveragerði.***

## Eimskip upplýsti fjárfesta ekki strax

Tíu dagar liðu frá því að forstjóri og framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips fengu réttarstöðu sakbornings í rannsókn héraðssaksóknara á meintu samráðsbroti félagsins og Samskipa þar til skipafélagið upplýsti fjárfesta um tíðindin.

Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti ber að birta eins fljótt og auðið er upplýsingar sem eru líklegar til þess að hafa marktæk áhrif á markaðsverð. Viðmælendur Fréttablaðsins furða sig á upplýsingagjöf Eimskips og segja ljóst að um verðmótandi upplýsingar hafi verið að ræða. Þannig hafi bréf félagsins fallið um tæplega fimm prósent í verði í þriðjudag, daginn eftir að félagið upplýsti um fregnirnar. Viðskipti með bréf í félaginu hafi numið hátt í hálfum milljarði frá því að stjórnendurnir hafi fengið réttarstöðu sakbornings þann 11. maí.

Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands sögðust ekki geta tjáð sig um einstök mál.



*Myllu heilkornabrauð*

# LÍFSKORN

*Lífskorn færir þér máltíð af akrinum*




# NÝTT LÍFSKORN FYRIR HEILSUNA

V VEGAN

Lífskorn – Sjö tegundir af fræjum og kornum er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn í Lífskornalínunni. Frábær kostur fyrir alla sem hugsa um heilsuna. Það inniheldur hafraflögur, sólblómafræ, hörfræ, sesamfræ, graskersfræ og rúg en ekkert hvítt hveiti og ekkert ger. Trefjaríkt og gómsætt brauðið er vegan og sérstaklega þétt og saðsamt.

Lífskorn er trefjagjafi þinn – fræsafn þitt og heilsurækt
– það hefur hátt hlutfall heilkorns, með gott hlutfall góðrar fitu.

Safnaðu góðri orku, fáðu þér Lífskorn í dag.
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum.

*Bragðaðu nýtt Lífskorn – strax í dag*




***Ræktaðu huga og líkama***
***- fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Lyfjagróði



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Vísindaritið The Lancet birti í gær niðurstöður umfangsmikillar úttektar á aðgengi og gæðum heilbrigðisþjónustu í 195 löndum. Kannað var hversu vel löndin takast á við sjúkdóma, pestir og veikindi sem undir venjulegum kringumstæðum ætti að vera tiltölulega lítið mál að eiga við og eiga aldrei að leiða til dauða. Ísland trónir á toppi þessa lista, með 97 stig af 100 mögulegum.

Með þessar upplýsingar til hliðsjónar velta glöggir lesendur Fréttablaðsins því líklega fyrir sér hvernig í ósköpunum þetta getur verið raunin þegar foreldrar langveikra barna hér á landi reyna í örvæntingu sinni að nálgast nauðsynleg lyf í lokuðum hópum á Facebook, eða halda jafnvel til útlanda til að kaupa lyf og smygla til landsins.

Svarið liggur eðlilega í hagfræði. Meiri eftirspurn er eftir lyfjum við þeim 32 sjúkdómum sem The Lancet kannaði, svo sem niðurgangi, mislingum, sykursýki og algengustu tegundum krabbameins, heldur en sjúkdómum á borð við Dravet-heilkenni, CMV-sýkingu í móðurkviði, Lynch-heilkenni og Fairbank-sjúkdómi.

Þessir síðarnefndu sjúkdómar og heilkenni eru brotabrot af þeim rúmlega sex þúsund sjaldgæfu sjúkdómum sem skráðir hafa verið. Fyrst og fremst eru það börn sem greinast með þessa sjúkdóma.

Lyf við þessum sjúkdómum eru flókin og dýr í framleiðslu. Um leið er framboðið af skornum skammti, enda lítil gróðavon í því að framleiða sérhæft líftæknilyf sem gagnast örfáum einstaklingum á ári. En þó svo að sjaldgæfir sjúkdómar séu sannarlega fátíðir, þá er það afar fjölmennur hópur einstaklinga sem glímir við sjaldgæfan sjúkdóm.

Krafa um bestu mögulegu meðferð og lyf við sjaldgæfum sjúkdómum mun aðeins verða háværari með betri greiningaraðferðum, framförum í lyfjaþróun og hækkandi aldri þjóðarinnar. Þessi krafa er eðlileg, því fyrir utan að vera siðferðilega réttmæt þá byggir hún á þeirri vitneskju, ýmist beint eða óbeint, að við sjálf erum forsenda þeirrar þekkingar og þróunar sem átt hefur sér stað. Við stuðlum að henni í gegnum opinber gjöld og með því að gefa gögn um okkur og jafnvel lífsýni til vísindamanna. Þessi skilningur á mikilvægi heilbrigðis- og læknavísindanna er ástæðan fyrir því að við erum í efsta sæti hjá The Lancet.

Íslendingar eru lítil þjóð aðeins þegar það hentar. Þegar verkefnin virðast óyfirstíganleg fyrir lítið og einangrað land. Fyrirsláttur sem þessi í samhengi réttmætrar kröfu einstaklinga með sjaldgæfa sjúkdóma og aðstandendur þeirra er móðgun við það verkefni sem við höfum tekið höndum saman um og kennum við velferðarríki.

Lögmál hagfræðinnar munu ekki leysa þennan vanda. Til þess þarf hvata sem aðeins yfirvöld geta veitt. Að sama skapi þarf að hlusta á ábendingar sérfræðinga um sameinað markaðssvæði norrænu ríkjanna fyrir lyf og um leið gera þá kröfu að lyfjafyrirtæki hér á landi uppfylli þá eðlilegu kröfu að geta skaffað lyf þegar kallið berst.

**Þó svo að sjaldgæfir sjúkdómar séu sannarlega fátíðir, þá er það afar fjölmennur hópur einstaklinga sem glímir við sjaldgæfan sjúkdóm.**




**Húnvetningafélagið í Reykjavík**

# Aðalfundur

**Húnvetningafélagsins í Reykjavík verður haldinn í Húnabúð Skeifunni 11 þriðjudaginn 29. maí klukkan 20:00**

**Dagskrá fundarins samkvæmt samþykktum félagsins:**
Formaður gerir grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári.
a. Féhirðir leggur fram endurskoðaða reikning félagsins.
b. Skýrslur nefnda og starfsmanna félagsins.
c. Kosningar.
d. Önnur mál.

**Skógræktarferð verður 23. júní.**

***Stjórnin***


## Halldór




## Frá degi til dags

**Reynsluspeki humarsins**
Sálfræðingurinn Jordan Peterson er greinilega bragðbesta þrætueplið á boðstólum þessa dagana. Fólk tætir hann í sig af aðdáunarverðum ofsa á meðan fylgjendur hans verjast. Brynjari Níelssyni varð þessi deila að yrkisefni á Facebook þar sem hann sagði þá sem eru fastir í „pólitískri rétthugsun“ vera að fara á límingunum yfir þessum ágæta sálfræðingi, sem væri „ekkert að segja annað en einfaldan sannleika byggðan á reynsluspeki kynslóðanna“. Peterson styður kenningar sínar með vísan í goggunarröð og lífshætti humars. Sú lífvera er hátt skrifuð hjá Sjálfstæðisfólki og þá með hvítvíni.

**Sveinbjörg sveiflar breiða spjótinu**
Fréttablaðið.is hefur fjallað um dramatísk vinslit Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Borgarinnar okkar, og Arnþrúðar Karlsdóttur, á Útvarpi Sögu. Sveinbjörg segist svo óvinsæl á Sögu að hún geti ekki keypt sig inn í þætti, ólíkt öðrum framboðum. Í gær bað hún önnur framboð að upplýsa hvort og þá hversu mikið þau hefðu greitt fyrir aðgang að hljóðnemum Sögu. Píratar, Karlalistinn og Viðreisn svöruðu snarlega að engin slík viðskipti hefðu farið fram. Sömuleiðis kannaðist Þjóðfylkingarkanónan Jón Valur Jensson ekki við slíkt.

thorarinn@frettabladid.is

## Framtíðin er núna



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Í borgarstjórnarkosningunum á laugardaginn verður kosið um þróun borgarinnar til framtíðar. Hvernig borg verður Reykjavík eftir fjögur ár, hvernig verður hún árið 2030? Verður hún vistvæn og mannvæn? Verður losun gróðurhúsaloftegunda mikil eða sama og engin í borginni? Verður Reykjavík græn eða grá? Verða hér öflugar og hraðvirkar almenningssamgöngur? Mun félagslegt misrétti aukast eða minnka í borginni? Verður gott að ala hér upp börn, verður gott að nema hér og starfa og eldast? Verður Reykjavík skemmtileg og áhugaverð borg?

Ég þykist vita að allir borgarbúar séu sammála um að vel takist til en það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er langt í frá sjálfgefið. Ekkert gerist af sjálfu sér. Við þurfum að taka pólitískar ákvarðanir sem byggja á heildstæðri framtíðarsýn. Það er auðvitað pólitísk ákvörðun að samþykkja bindandi stefnu um kolefnishlutlausa Reykjavík árið 2040, að hrinda af stað metnaðarfullri stefnu um borgarlínu í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina, að gera samninga við verkalýðsfélögin um endurreisn verkamannabústaðakerfisins með því að útvega þeim kjörlóðir víðsvegar um borgina fyrir eitt þúsund íbúðir á hagstæðum kjörum. Það er pólitísk ákvörðun að fjölga leikskólum og ungbarnadeildum þannig að á næstu árum komist 12 til 18 mánaða gömul börn á leikskóla. Það er pólitísk ákvörðun að þétta borgina og gera hverfin sjálfbærari.

Einn mesti vandinn sem blasir við núna og þegar horft er til framtíðar er atgervisflótti ungs fólks frá Íslandi. Þess vegna þurfum að sjá til þess að Reykjavík þróist þannig að hún verði áfram kraftmikil, skapandi og spennandi borg fyrir ungt fólk til að búa í og starfa. Það er beinlínis lífsnauðsynlegt. Ég er sannfærður um að stefna núverandi meirihluta í borginni felur í sér mikilvæg skref í rétta átt. Unga fólkið í Reykjavík hefur sem betur fer áttað sig á þessu. Þeirra er framtíðin. Í splunkunýrri könnun Félagsvísindastofnunar kemur í ljós að hvorki meira né minna en rúm 44% Reykvíkinga á aldrinum 18 til 29 ára segjast ætla að kjósa Samfylkinguna. Áfram Reykjavík.

**Ekkert gerist af sjálfu sér. Við þurfum að taka pólitískar ákvarðanir sem byggja á heildstæðri framtíðarsýn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Forsaga kvótans: Taka tvö

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

**Þess vegna sló norska þingið eign þjóðarinnar á olíulindirnar frá byrjun frekar en að sleppa þeim í hendur einkavina líkt og Rússar og ýmsar aðrar olíuþjóðir hafa gert. Alþingi fór rússnesku leiðina í fiskveiðistjórnarmálinu. Það hefur reynzt afdrifaríkt. Gúglaðu „bófaflokkur“ og nafn Sjálfstæðisflokksins kemur upp strax í fimmtu línu. Þannig fer ævinlega fyrir þeim sem fara í útreiðartúr á tígrisdýri.**

Jens Evensen hét maður. Hann má kalla höfuðarkitekt þeirrar auðlindastjórnar sem hefur gert Noreg að fyrirmynd annarra olíuríkja. Evensen varð síðar hafréttarráðherra Noregs, en hann var embættismaður í fjármálaráðuneytinu í Ósló þegar olían fannst í norskri lögsögu fyrir 1970. Hann taldi sér skylt að koma stjórnmálamönnum í skilning um að olíuauðinn skyldi skoða sem sameign norsku þjóðarinnar. Þannig tókst Norðmönnum að girða fyrir rentusókn. Nú, hálfri öld síðar, eru „olíufurstar“ nær óþekktir í Noregi. Orðið kemur varla fyrir í máli manna. Öðru máli gegnir því um Noreg en Ísland þar sem „kvótakóngar“ og „sægreifar“ hafa lengi verið meðal algengustu orða í þjóðmálaumræðunni líkt og fáráðar (e. oligarchs) í Rússlandi.

### Gildasti auðlindasjóður heims

Stjórn Norðmanna á olíuauði sínum markast af því að olía og gas innan norskrar lögsögu voru frá öndverðu skilgreind í lögum sem sameignarauðlindir. Lögin innsigluðu rétt norsku þjóðarinnar til auðlindarentunnar, þ.e. til teknanna af olíulindunum. Á grundvelli þessara laga hefur norska ríkið með árunum leyst til sín um 80% af auðlindarentunni fyrir hönd skattgreiðenda og lagt mestan hluta fjárins í olíusjóð sem heitir nú lífeyrissjóður. Í honum er nú meira en ein trilljón Bandaríkjadala eða 800.000 dalir (80 m.kr.) á hverja fjögurra manna fjölskyldu í Noregi. Engin önnur þjóð heimsins á gildari auðlindasjóð en þennan.

Norska þingið setti sjálfu sér og sjóðnum siðareglur („boðorð“) til að tryggja að ráðstöfun sjóðsins gagnaðist núlifandi og óbornum kynslóðum Norðmanna í senn. Eftir að Seðlabanka Noregs var tryggt aukið sjálfstæði 2001 var bankanum falin stjórn olíusjóðsins fyrir hönd fjármálaráðuneytisins. Þetta var gert til að halda stjórnmálamönnum í hæfilegri fjarlægð frá sjóðnum. Þannig hefur Norðmönnum tekizt að komast hjá rentusókn og tengdum vandamálum sem hafa hrjáð fjölmörg önnur olíuríki um allan heim.

### Jöfn skipting

Skipting þjóðarauðsins í Noregi er ívið jafnari en í Svíþjóð og mun jafnari en á Íslandi svo sem fram kemur t.d. í bók Stefáns Ólafssonar og Arnalds Sölva Kristjánssonar, Ójöfnuður á Íslandi (2017, bls. 385). Norðmönnum hefur tekizt að komast hjá skaðlegum átökum um skiptingu olíurentunnar eða a.m.k. girða fyrir að slík átök leiddu til teljandi misskiptingar. Noregur var fullþroska lýðræðisríki löngu áður en olían fannst. Það skiptir máli. Lýðræðisríki eru ólíklegri en einræðisríki til að láta menn komast upp með að sölsa undir sig eigur annarra, þ.m.t. auðlindir, til að tryggja völd sín.

### Vitlaust gefið

Ólíkt olíustjórn Norðmanna er fiskveiðistjórnin hér heima reist á innbyrðis þversögn. Kvótakerfið er reist á upphaflegri úthlutun veiðiheimilda sem mismunaði mönnum og braut þar með gegn stjórnarskránni eins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna staðfesti 2007 og Hæstiréttur Íslands hafði áður staðfest 1998. Frjálst framsal kvóta var æskilegt af hagkvæmnisástæðum en slíkt framsalsfrelsi útheimti upphaflega úthlutun án mismununar. Vandinn liggur því ekki í kvótanum sjálfum og viðskiptum með hann heldur í mismununinni við upphaflega úthlutun sem var reist á veiðireynslu áranna 1980-1983. Vandinn hefur undið upp á sig.

Alþingi gafst loksins upp fyrir kröfunni um veiðigjald 2002, en þá aðeins til málamynda. Skv. útreikningum Indriða Þorlákssonar fv. ríkisskattstjóra duga veiðigjöldin aðeins til að beina 10% fiskveiðirentunnar til rétts eiganda, fólksins í landinu, meðan 90% renna áfram til útvegsmanna. Þetta fyrirkomulag er eins langt frá norskri olíustjórn og hugsazt getur. Norska fyrirmyndin um auðlindir í þjóðareigu gat varla nærtækari verið en hún var ekki rædd á Alþingi. Fyrstu lögin um fiskveiðistjórnina voru samin á skrifstofum LÍÚ eins og Halldór Jónsson rekur í ritgerð sinni „Ákvarðanataka í sjávarútvegi og stjórnun fiskveiða“ (Samfélagstíðindi 1990, bls. 99-141).

Frekar en að taka norska olíustjórn sér til fyrirmyndar kaus Alþingi í reyndinni að fylgja fordæmi norskrar fiskveiðistjórnar þar sem veiðileyfum er úthlutað til skipa án endurgjalds líkt og tíðkast annars staðar í Evrópu þótt fiskstofnar séu þar sumir á hverfanda hveli. Noregur og önnur Evrópulönd telja sig hafa efni á slíku ráðslagi þar eð sjávarútvegur skiptir þar ekki miklu máli. Það á ekki við um Ísland þar sem sjávarútvegur gegnir mikilvægu hlutverki í þjóðarbúskapnum og ekki bara í einstökum fámennum byggðarlögum líkt og í Noregi og úti í Evrópu. Þar liggur mikilvægur munur.

### Gúglaðu „bófaflokkur“

Norðmenn ákváðu fyrir löngu að niðurgreiða sjávarútveg myndarlega líkt og landbúnað einkum til að styrkja Norður-Noreg. Þar eð sjávarútvegur skiptir litlu máli í norskum þjóðarbúskap á heildina litið hafa menn ekki sett kostnaðinn fyrir sig. Snemma varð ljóst að olía myndi skipta norskan þjóðarbúskap miklu máli. Þess vegna m.a. kom ekki til álita að sóa olíurentunni líkt og fiskirentunni. Þess vegna sló norska þingið eign þjóðarinnar á olíulindirnar frá byrjun frekar en að sleppa þeim í hendur einkavina líkt og Rússar og ýmsar aðrar olíuþjóðir hafa gert. Alþingi fór rússnesku leiðina í fiskveiðistjórnarmálinu. Það hefur reynzt afdrifaríkt. Gúglaðu „bófaflokkur“ og nafn Sjálfstæðisflokksins kemur upp strax í fimmtu línu. Þannig fer ævinlega fyrir þeim sem fara í útreiðartúr á tígrisdýri.


Leit að samstarfsaðilum



Hagkvæmt húsnæði

**Reykjavíkurborg leitar að samstarfsaðilum um uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði á völdum reitum í borginni.**

Í vetur auglýsti Reykjavíkurborg eftir hugmyndum til að auka framboð á hagkvæmu húsnæði fyrir meðal annars ungt fólk og fyrstu kaupendur. 68 aðilar sendu inn hugmyndir og voru þær meðal annars kynntar á málþingi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Nú er komið að öðrum fasa verkefnisins þar sem umsóknir um reiti sem lýsa uppbyggingu á tilteknum svæðum verða metnar á grundvelli matslíkans.

Reitirnir sem um ræðir eru í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, í Gufunesi, í Bryggjuhverfi við Elliðaárvog, við Stýrimannaskólann, á Veðurstofureit og í Skerjafirði. Skipulag þessara svæða er mislangt á veg komið. Gert er ráð fyrir því að samstarfsaðilar komi inn í þróunar- og deiliskipulagsvinnu og geti þannig haft áhrif á endanlegt deiliskipulag.

Umsóknir skal senda í síðasta lagi **20. júní 2018.**

Nánari upplýsingar um verkefnið ásamt matsblaði má finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/hagkvaemt-husnaedi

# Tómas tungulipri



**Birna Lárusdóttir**
upplýsingafulltrúi VesturVerks á Ísafirði

**Fyrstu hugmyndir um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði eru í það minnsta aldargamlar. Fyrir röskum áratug fór verkefnið að verða áhugavert.**

Nú rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar hefur hitnað verulega í kolunum í umræðum um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði. Sannleiksástin er ekki alltaf í fyrirrúmi hjá öllum sem tjá sig um verkefnið. Þar sem málið er VesturVerki skylt, sem framkvæmdaaðila virkjunarinnar, erum við knúin til að bregðast við.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu á þriðjudag fer Tómas Guðbjartsson enn á stúfana í baráttu sinni gegn verkefninu. Tómas kemur svo í viðtal í útvarpsþáttinn „Í bítið“ á Bylgjunni þann sama morgun þar sem hann fylgir grein sinn eftir og fer mikinn.

Svo margt í málflutningi Tómasar þarfnast leiðréttingar en hér verður aðeins tæpt á örlitlu. Vegna plássleysis í blaðinu gefst hvorki svigrúm til að fjalla um rangfærslur hans um raforkumál almennt og umhverfisáhrif virkjunarinnar né fölsuðu fossamyndina sem hann birtir með. Það er efni í aðra grein.

### Sár yfir fundarsókn

Tómas ber sig aumlega yfir því að vestfirskir ráðamenn hafi ekki sótt fyrirlestur og myndasýningu hans á Ísafirði fyrir skömmu. Hins vegar hafi fjölmenni sótt opinn fund um raforkumál á Vestfjörðum, sem haldinn var af VesturVerki viku síðar. Dylgjar Tómas um að samhengi hljóti að vera þar á milli.

Hið rétta er að fyrirlestur Tómasar var illa auglýstur hér vestra og fréttu margir Ísfirðingar af honum með dags fyrirvara. Engir forsvarsmenn sveitarfélaga fengu boð á fyrirlesturinn og enn síður við hjá VesturVerki. Einnig var tímasetningin óheppileg enda voru margir bæjarbúar að undirbúa hina árlegu Fossavatnsgöngu, risastórt samfélagsverkefni hér á Ísafirði. Fundur VesturVerks var hins vegar ágætlega auglýstur hér heima og vel sóttur fyrir vikið.

### Lítið gert úr Vestfirðingum og vilja þeirra

Því miður fellur Tómas í þá freistni að gera lítið úr Vestfirðingum og áherslum þeirra á uppbyggingu í fjórðungnum. Hann gefur í skyn að valdamiklir aðilar hljóti að stýra umræðunni, orkurisar og ámóta. Starfsmenn VesturVerks eru tveir og hjá HS Orku, meirihlutaeiganda VesturVerks, eru 60 starfsmenn. Þessi fyrirtæki standa seint og illa undir nafnbótinni „orkurisi“. Eftir stendur að Tómas álítur Vestfirðinga ekki færa um að leggja sjálfstætt mat á það hvað er þeim fyrir bestu og með hvaða hætti sé skynsamlegast að nýta náttúruna, sem þeir kjósa að búa í sátt við.

Ekki þarf að leita lengra en til Orkubús Vestfjarða, Landsnets, Orkustofnunar og Fjórðungssambands Vestfirðinga til að sjá að samhljómur er um mikilvægi Hvalárvirkjunar fyrir Vestfirði í heild ásamt þeim tengingum sem nauðsynlegar eru. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri kemst að sömu niðurstöðu í mati sínu á samfélagsáhrifum virkjunarinnar sem unnið var fyrir VesturVerk nýverið.

### Aldargömul hugmynd til hagsbóta fyrir Vestfirði

Fyrstu hugmyndir um virkjun Hvalár í Ófeigsfirði eru í það minnsta aldargamlar. Fyrir röskum áratug fór verkefnið að verða áhugavert. Einstaklingar á Ísafirði drógu vagninn, sömdu við landeigendur og fengu síðan nýja hluthafa til liðs við sig þegar verkefninu óx fiskur um hrygg. Þetta eru stórhuga heimamenn, sem unna náttúru Vestfjarða ekkert síður en aðrir landsmenn. Þeir komu Hvalárvirkjun á kortið í þeirri bjargföstu trú að hún yrði til hagsbóta fyrir Vestfirði og landið allt. Rétt er að halda þessu til haga.

# Kjósum Vinstri græn á laugardaginn



**Svandís Svavarsdóttir**
heilbrigðisráðherra

Um helgina fara sveitarstjórnarkosningar fram. Þá gefst okkur öllum tækifæri til að kjósa okkar fulltrúa í borgarstjórn og bæjarstjórnum úti um allt land.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur átt sæti í ríkisstjórn síðan fyrir áramót. Á þeim stutta tíma sem ríkisstjórnin hefur starfað hefur margt áunnist. Af verkefnum ríkisstjórnarinnar má nefna að fjárframlög til heilbrigðismála hafa verið stóraukin, áætlun um stórátak í byggingu hjúkrunarrýma hefur verið kynnt af hálfu velferðarráðuneytis, ákvörðun um aukna göngudeildarþjónustu við Landspítala hefur verið tekin og unnið hefur verið að innleiðingu neyslurýma í Reykjavík. Vinna við endurskoðun jafnréttislaga er hafin og stýrihópur um úrbætur hvað varðar kynferðislegt ofbeldi hefur verið stofnaður. Í umhverfismálum hefur vinna við loftslagsstefnu og aðgerðaráætlun í Stjórnarráðinu verið hafin, fjármagni verið veitt í endurheimt votlendis og þverpólitísk nefnd um stofnun miðhálendisþjóðgarðs verið stofnuð, svo fátt eitt sé nefnt.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur einnig átt sæti í meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur á síðastliðnu kjörtímabili. Meirihlutinn í Reykjavík hefur unnið hörðum höndum að bættri Reykjavík. Meðal þess sem áunnist hefur er að leikskólagjöld hafa lækkað um 85 þúsund krónur á ársgrundvelli og því eru þau lægst í Reykjavík á höfuðborgarsvæðinu. Framlög til leikskólanna hafa verið aukin um 2 milljarða króna og uppbygging ungbarnadeilda til að börn komist fyrr inn á leikskóla er hafin. Vinnuvikan hefur verið stytt hjá 2.200 af 8.500 starfsmönnum borgarinnar, Bjarkarhlíð var opnuð, þar sem brotaþolum kynferðisofbeldis er veittur stuðningur og ráðgjöf, frístundastefna var bætt, auk þess sem málstefna var sett hjá Reykjavíkurborg. Svona mætti lengi telja.

Fyrrnefnd dæmi sýna að það skiptir máli hver stjórnar, hvort sem um er að ræða ríkisstjórn eða í borgarstjórn. Ef Vinstrihreyfingin – grænt framboð á sæti við borðið þar sem ráðum er ráðið tryggjum við að umhverfismál, jafnréttismál og félagslegur jöfnuður séu í forgrunni. Vinstri græn eru skýr valkostur fyrir þá sem vilja tryggja góða vinnu í borgar- og sveitarstjórnum landsins. Því sterkari sem við verðum þegar talið verður upp úr kjörkössunum um helgina, þeim mun meiri líkur eru á því að vinstristefnan hafi áhrif á næsta kjörtímabili í sveitarstjórnum. Enginn annar flokkur en VG getur náð raunverulegum árangri með vinstri stefnu og skýr græn sjónarmið.

Það er vissara að kjósa Vinstri græn á laugardaginn.

# Kjósum breytingar í Reykjavík



**Eyþór Arnalds**
skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Á fjögurra ára fresti geta kjósendur valið hverjir fara með stjórn borgarinnar. Á laugardaginn göngum við til kosninga og valið er einfalt. Annaðhvort óbreytt ástand eða breytingar.

Síðustu fjögur árin hefur húsnæðisverð hækkað um 50% og leiguverð heldur áfram að hækka. Ekkert hefur orðið af þeim 3.000 leiguíbúðum sem var lofað enda byggt upp á dýrum þéttingarreitum og borgin innheimtir mjög há byggingargjöld. Fólk eyðir meiri tíma en áður á leiðinni í vinnuna eða heim. Íbúar í austurhluta borgarinnar mega búast við því að heil vinnuvika á ári fari í tafatíma í umferð miðað við fyrir sex árum. Þessu þarf að breyta. Þeir sem kjósa núverandi borgarstjórnarflokka eru um leið að sætta sig við verkleysi meirihlutans í borgarstjórn. Biðlistar á leikskóla og svifryksmengun eiga að heyra sögunni til. Ekki er búið að semja við grunnskólakennara og skuldasöfnun borgarsjóðs er mikil í góðæri. Af hverju er ekki búið að taka á þessum málum?

Samfylkingin hefur stjórnað borginni óslitið í átta ár. Og borgarstjóri búinn að vera í borgarstjórn í 16 ár. Öll kerfi hafa gott af uppstokkun. Annars staðna þau. Við viljum beita okkur fyrir breytingum í borginni og vera það hreyfiafl sem þarf. Við ætlum að minnka stjórnkerfið sem hefur þanist út á síðustu árum og setja fjármagnið í skólana. Fjölga hagstæðum búsetukostum og minnka álögur á húsbyggjendur. Leysa umferðarhnútana með heildstæðum og raunsæjum lausnum. Opna fyrir Sundabraut og jafna umferðina sem er of þung á morgnana inn í borgina og of þung út úr henni síðdegis. Þetta gerum við með því að opna fyrir uppbyggingu á Keldum fyrir stofnanir, fyrirtæki og byggð. Framtíðarsvæði fyrir spítala.

Á síðustu árum hefur umferðin þyngst vegna ákvarðana í skipulagsmálum. Vantað hefur svæði til uppbyggingar og margir hafa leitað í Kópavog. Nú þarf Reykjavík að vera aftur leiðandi afl. Við bjóðum fram krafta okkar til að breyta borginni til hins betra. Með ykkar stuðningi getum við leitt fram þær lausnir sem nauðsynlegar eru. Nýtum kosningaréttinn og kjósum breytingar.



GRILL 66

# KOMBÓ TILBOÐ




# EL RENO

**FRANSKAR + COKE 0,5 L + EITT SETT**

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTI
MOSFELLSBÆ

AKRANESI
BORGARNESI
STYKKISHÓLMI

SKAGASTRÖND
SIGLUFIRÐI
ÓLAFSFIRÐI

DALVÍK
REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ

HELLU
SELFOSSI
HÚSAVÍK

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS

olís



# Borgarlínan sig?



Sigurður Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs

> **Stóra verkefnið að mínu mati er því fyrst og fremst að stuðla að einfaldri, aðgengilegri og umfram allt fjölbreyttri almenningssamgönguþjónustu til að opna möguleikana á bílminni lífsstíl. Það er allra hagur en Borgarlínan er í raun bara eitt brot af þeirri framtíðarsýn.**

Íslendingar vilja gjarnan skipta sér í andstæðar fylkingar. Stundum er eins og andstæðir hópar sameinist um að einfalda ágreiningsefnin til að auðvelda stríðsreksturinn. Borgarlínan er gott dæmi um þetta. Á meðan menn reita hár sitt yfir stuðningi eða andstöðu við Borgarlínu, þá losna allir við að ræða flóknara viðfangsefni sem sannarlega ætti að vera aðalatriðið í umræðunni. Aðalatriðið snýst um að bæta þjónustu á breiðum grunni fyrir bílminni lífsstíl. Já, ég segi bílminni, ekki bíllausan lífsstíl því ég ætla ekki að opna á barnalega og gamaldags orðræðu um „aðför að einkabílnum“.

Það græða nefnilega allir á víðtækari möguleikum á bílminni lífsstíl. Þetta er einfaldlega lífskjara-, umhverfis- og lífsgæðamál. Það er bæði dýrt og mengandi að reka bifreið. Allar lausnir sem geta minnkað bílnotkun, bæði fyrir þá sem eiga bíl og þá sem eiga ekki bíl, skipta máli. Ungt fólk í heiminum er þegar farið að átta sig á þessu. Það vill aðgang að fjölbreyttum lausnum, ekki bara að strætó eða hjólreiðum eða deilibílum, heldur blöndu af öllu saman.

**Vilja sveigjanleika**

Nútímalegt fólk vill sveigjanleika, það vill stökkva upp í strætó þegar hentar með nettengingu og háa ferðatíðni. Það vill nota hjólið sitt eða leiguhjól þegar vel viðrar eða þegar það er í stuði til þess. Það vill geta leigt deilibíl til að skreppa í lengri ferðir eða flytja eitthvað en nennir kannski ekki að eiga hann þess á milli. Það vill líka aðgang að nútímalegri og afar aðgengilegri leigubílaþjónustu eins og Über þegar sá gállinn er á því. Krafan er einföld, sveigjanleg og fjölbreytt þjónusta eftir þörf og stemningu hverju sinni. En þetta snýst ekki bara um að eiga eða eiga ekki bíl. Þetta snýst líka um að þurfa ekki að eiga tvo bíla eða jafnvel bara að geta keyrt báða bílana sína aðeins minna. Þetta er framtíðin og sú þjónustuaukning sem þarf að huga að í nútímalegu samfélagi.

Eins og áður segir er þetta ekki bara umhverfismál heldur líka lífskjaramál því að fjölskylda getur t.d. sparað ótrúlega mikla peninga með því að losa sig við, þó ekki væri nema annan bílinn. Samkvæmt FÍB er rekstrarkostnaður á nýjum, ódýrum bíl um 1.117.600 krónur ári. Það er margt hægt að gera fyrir rúma milljón. Fjögurra manna fjölskylda gæti til dæmis keypt fjögur rafhjól í IKEA og árskort í strætó handa öllum og samt átt um 500 þúsund króna afgang til að nýta sér deilibíla, hjólaleigur, Über, bílaleigur og leigubíla. Best væri svo ef hægt væri að nota eitt samgöngukort eða app til að greiða með einföldum hætti fyrir alla samgönguþjónustu. Auðvitað þarf svo að stuðla að því að öll þessi fjölbreytta samgönguþjónusta keyri á umhverfisvænni orku.

Stóra verkefnið að mínu mati er því fyrst og fremst að stuðla að einfaldri, aðgengilegri og umfram allt fjölbreyttri almenningssamgönguþjónustu til að opna möguleikana á bílminni lífsstíl. Það er allra hagur en Borgarlínan er í raun bara eitt brot af þeirri framtíðarsýn.

# Reykjavík þarf atvinnustefnu





Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Pawel Bartoszek
skipa 1. og 2. sæti á lista Viðreisnar í Reykjavík

Þau eru víða í borginni. Gömul verslunar- og þjónusturými sem nú standa auð eða hefur verið breytt í íbúðir. Við þekkjum þau sums staðar á stórum gluggum og breiðum inngöngum. Annars staðar til dæmis í Breiðholti eða í Árbænum má líka sjá gamla hverfiskjarna sem nú standa illa nýttir. Það væri frábært að lífga upp á þessa staði að nýju. En hvernig má gera það?

Af hverju hverfur þjónustan? Tökum raunverulegt dæmi um hverfisverslun sem deilir húsi með íbúð. Fasteignamat verslunarinnar er um 30 milljónir. Fasteignamat íbúðarinnar sem er jafnstór og verslunin er um 60 milljónir. Fasteignagjöld vegna verslunarinnar eru um 500 þúsund á ári. Fasteignagjöld vegna íbúðarinnar eru um 100 þúsund á ári.

Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að fasteignagjöld séu hærri á atvinnuhúsnæði en íbúðarhúsnæði. Staðan er engu að síður sú að ef eigandi verslunarinnar ákveður að hætta rekstri og fær að breyta húsnæðinu í íbúð þá getur hann tvöfaldað verðmæti eignarinnar og fengið 80% lækkun á fasteignagjöldum í leiðinni. Hvatinn til að gera þetta er því svo sannarlega til staðar og skiljanlegt að þeir sem eigi húsnæðið vilji gjarnan fara þessa leið. En vandinn er að ef allir sem eiga atvinnuhúsnæði í hverfinu gera það þá hverfur öll þjónusta.

Viðreisn í Reykjavík hefur, eitt framboða, sett fram stefnu um að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Við ætlum að lækka þá í áföngum úr 1,65 í 1,60% á seinni hluta kjörtímabilsins. Þar með verða gjöldin þau sömu og í Kópavogi. Samkeppnisstaða Reykjavíkur mun batna.

Atvinnumál fá almennt lítinn sess í borgarkerfinu. Ekkert fagráð borgarinnar setur sérstakan fókus á atvinnumálin. Samkvæmt vefsíðu Reykjavíkurborgar veitir borgarsjóður styrki, m.a. til félags- og velferðarmála, skóla- og frístundamála, íþrótta- og æskulýðsmála, mannréttindamála og menningarmála.

> **Viðreisn í Reykjavík hefur, eitt framboða, sett fram stefnu um að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.**

Hvergi er minnst á styrki til atvinnuþróunar.

Við í Viðreisn viljum að á árunum 2019-2021 verði 30 milljónum árlega varið í atvinnuuppbygginu í hverfum borgarinnar. Þar eigum við við samkeppnissjóði, þar sem hægt væri til dæmis að sækja um styrk til að breyta eða endurnýja atvinnuhúsnæði á stöðum þar sem þjónustan á undir högg að sækja eða hefur þegar lagst af.

Það á að vera einfalt að reka fyrirtæki í Reykjavík. Til þess ætlum við í Viðreisn að setja fé í atvinnuuppbyggingu, lækka fasteignaskatta, tryggja framboð af húsnæði undir nýjan rekstur og einfalda allar leyfaveitingar á vegum borgarinnar. Allar þessar aðgerðir munu skila sér í einfaldara rekstrarumhverfi reykvískra fyrirtækja. Þannig tryggjum við fjölbreytta atvinnu og þjónustu í öllum hverfum borgarinnar.

# Betri Kópavogur



Pétur Hrafn Sigurðsson
oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi

Breytinga er þörf í Kópavogi, við þurfum nýjar áherslur í bæjarmálunum og ekki síst nýtt fólk við stjórnvölinn í bænum. Þaulseta við kjötkatlana er engum holl og tækifærið til breytinga er núna.

**Hefjumst handa fyrir unga fólkið**

Við þurfum að taka til hendinni og bæta aðstæður ungra Kópavogsbúa ekki síst í húsnæðismálum. Tölur um fjölgun íbúa í bænum sýna okkur að uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur ekki mætt þörfum unga fólksins sem vill búa í Kópavogi. Aðeins 3% fjölgun ungs fólks en 21% fjölgun fólks milli 60 og 80 ára síðastliðin fjögur ár. Við viljum fjölbreytt húsnæði sem ungt fólk og þeir sem eru efnaminni hafi tök á að eignast. Samvinna við húsnæðisfélög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni er lykilatriði.

Það eru 100 ónýtt leikskólapláss í bænum, því viljum við breyta með því að stytta vinnutíma starfsfólks í leikskólum og bæta starfsaðstæður og kjör. Við ætlum að brúa bilið og sjá til þess að börn frá 12 mánaða aldri komist í leikskóla. Í grunnskólum þarf að draga úr álagi á kennara og bæta starfsaðstæður og kjör. Styrk til íþrótta- og tómstundastarfs barna og ungmenna munum við hækka í 80.000 kr. á ári og gæta þarf þess að öll börn geti tekið þátt í slíku starfi án tillits til efnahags eða uppruna.

**Gleymum ekki öldruðum**

Eldri borgarar eiga skilið bestu þjónustu mögulega og við viljum samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun í bænum og auka möguleika þeirra á þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi enda slíkt besta forvörnin.

> **Við þurfum að taka til hendinni og bæta aðstæður ungra Kópavogsbúa ekki síst í húsnæðismálum.**

Umhverfismálin eru okkur mikilvæg og stórt skref er að gera Kópavog plastpokalausan í samstarfi við þjónustuaðila í bænum. Við styðjum borgarlínu og framfarir í samgöngum sem vinna með umhverfinu. Grænn og vænn Kópavogur þar sem menning og listir dafna er framtíðarsýn sem við munum vinna að.

**Byggjum betri bæ**

Samfylkingin mun áfram vinna í anda jöfnuðar, réttlætis og jafnréttis með það að markmiði að efla og styrkja Kópavog sem sveitarfélag þar sem ungir sem aldnir una hag sínum vel. Við hvetjum bæjarbúa til að leggja okkur lið.

LEGGÐU Á BORÐ MEÐ OKKUR



OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8–17.

Hleyptu lífi í veisluna þína með fallegum veisluvörum frá Rekstrarlandi. Pappírsdúkar, renningar, servíettur í mörgum litum, einnota diskar, glös og hnífapör, kerti og fleira. Útskriftir, brúðkaup, afmæli, ættarmót og endurfundir verða enn glaðlegri með veisluvörunum okkar.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

CITROËN

FRUMSÝNDUR
LAUGARDAGINN
26. MAÍ

REYKJAVÍK & AKUREYRI



MEIRI
CITROËN
ÞÆGINDI

# NÝR CITROËN C4 CACTUS

## Ný fjöðrunartækni og tímamóta þægindi

• Progressive Hydraulic Cushions™ fjöðrunarkerfi
• Ný Advanced Comfort sæti
• Nálægðarskynjarar • GPS Vegaleiðsögn
• Hraðastillir (Cruise Control) • Brekkuaðstoð

VERÐ FRÁ
**2.840.000 KR.**

Nýtt fjöðrunarkerfi Citroën er einstakt í bílaheiminum og er bylting hvað mýkt og stöðugleika varðar. Nýr Citroën C4 Cactus er fyrstur Citroën bíla sem er búinn þessum tímamóta þægindum. Tæknin kallast Progressive Hydraulic Cushions™ og skilar þeirri tilfinningu að farþegum finnst sem þeir svífi á skýi. Auk þessa er nýr Citroën C4 Cactus búinn nýjum Advanced Comfort sætum og undurþýðri sjálfskiptingu. Niðurstaðan er ótrúleg þægindi. Citroën þægindi.

CITROËN ADVANCED COMFORT

**KOMDU Í DÝRINDIS BAKKELSI OG MÁTAÐU NÝJAN CITROËN C4 CACTUS**

citroen.is

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Íbúalýðræði – þátttökulýðræði



**Birgir Jóhannsson**
arkitekt, skipar 12. sæti á lista Pírata í Reykjavík

Íbúalýðræði er allt það sem tengist möguleikum og aðferðafræði til að gera almenning virkari í stjórnmálum og auka þátttöku hans í ákvörðunum. Forsenda þess að hægt sé að tala um lýðræði er að þátttaka sé fyrr hendi í þeim ákvörðunum sem snerta daglegt líf fólks.

Þátttaka getur verið mismunandi en byrjaði fyrst í borgarskipulagi áður en hún varð virk í umhverfismálum. Í íbúalýðræði eru samtök íbúa í aðalhlutverki sem tengiliður við stjórnvöld.

Hlutverk þess er að auka þátttöku íbúa í ákvörðunum sem hefur áhrif á líf þeirra. Samráð og þátttaka íbúa er óhjákvæmileg í ákvörðunartöku sem á að bæta líf íbúans. Íbúalýðræðið er grundvöllur uppbyggingar trausts og gegnsæis. Til þess að gera það virkt þarf að setja í það kraft. Það má ekki vera yfirborðskennt til þess að friða samvisku stjórnmálamanna heldur verður að vera raunverulegt til þess að valdið sé ekki aðeins í höndum kjörinna fulltrúa. Valdefling borgarbúa sýnir þeim virðingu og upphefur stöðu þeirra.

Nefna má mörg dæmi þar sem þörf er á þátttöku íbúa í ákvörðunartöku sem tengist lífi þeirra og þjónustu við þá. Ákvörðunum um hvernig byggja á upp skóla og félagslíf. Hvernig viljinn er um að byggja upp borgina, hvaða íþróttamannvirki skal byggja, hvernig unnið er að umferðaröryggi, þrifum, endurvinnslu, grænum svæðum, hvernig skal vernda og endurnýja byggð og hvort þétting byggðar sé hótelvæðing eða nýjar íbúðir og bætt þjónusta.

**Betri borg**

Virkt íbúalýðræði með íbúakosningum hefði getað og getur komið í veg fyrir byggingu háhýsa við strandlengju Reykjavíkur og hvort lóðum sé úthlutað til hótelbygginga eða annarrar þjónustu. Hvort byggðir séu nýir leikvellir, hjólabrettagarðar, skautasvell, betra skíðasvæði eða fótboltahús fyrir íbúa í stað aðstöðu og útsýnispalla fyrir ferðamenn. Hvort almenningssamgöngur séu byggðar upp eða hvort peningarnir fari í hraðbrautaslaufur og að setja götur í stokk. Hvort byggðir séu upp hverfiskjarnar með þjónustu í úthverfum og græn svæði varðveitt. Allar þessar ákvarðanir eiga ekki að vera aðeins á valdi stjórnmálamanna og auðvaldsins.

Með virku lýðræði þar sem haldið er reglulegt samráð og síðan kosningar um stefnu og val í uppbyggingu komust við nær íbúum og þeirra þörfum. Við eignumst betri borg og ánægðari erfingja í komandi kynslóðum.

Lýðræðisstefna borgarinnar sem verið er að vinna að frumkvæði Pírata leggur grunninn að skýrum og gegnsæjum almennum leikreglum um íbúalýðræði og er vörn gegn klíkustarfsemi. Jafnframt henni er þörf á að gera stórauknar kröfur um virkt samráð og grenndarkynningar í deiliskipulags- og byggingarferlum. Áríðandi er að fella úrelt deiliskipulög úr gildi.

Stjórnvöld þurfa uppbyggilega gagnrýni eins og allir til að vinna betur og íbúarnir eru með þeim í liði. Íbúarnir eru réttmætu eigendur borgarinnar.

# Þjóðarsjúkrahús að Keldum



**Jón Hjaltalín**
verkfræðingur og frambjóðandi Miðflokksins í Reykjavík

Fagna ber að hreyfing er loksins komin á byggingu meðferðarkjarna við Landspítala Háskólasjúkrahús við Hringbraut þótt mikill meirihluti Reykvíkinga og þjóðarinnar telji mun skynsamlegra að byggja þess í stað nýtt Þjóðarsjúkrahús á betri stað eins og á Keldum. Miðflokkurinn hefur lagt fram tillögu á Alþingi um alvöru staðarvalsgreiningu spítala á Keldum eða Vífilsstöðum borið saman við Hringbrautina. Þessi tillaga hefur verið „svæfð" í velferðarnefnd Alþingis af fulltrúa VG svo umræður og afgreiðsla tillögunnar frestast fram á haustið.

**Staðarvalsgreining og forhönnun á að taka 12 mánuði**

Helstu fylgismenn byggingar Landspítala við Hringbraut bera fyrir sig þá þvælu að það muni seinka byggingu spítalans um 10-15 ár að hugleiða annan stað, einkum vegna tíma við staðarvalsgreiningu, deiliskipulag og opinberar leyfisveitingar! Þann 11. maí sl. efndu samtökin Betri spítali á betri stað til málþings um byggingu þjóðarsjúkrahúss og flutti íslenski arkitektinn Hallgrímur Þór Sigurðsson, meðeigandi Nordic arkitektastofunnar í Ósló, þar erindi um staðarvalsgreiningu, hönnun og byggingu 10 spítala í Noregi og Danmörku. En arkitektastofa hans hefur mikla sérfræðiþekkingu með um 50 arkitekta sem vinna eingöngu við staðarvalsgreiningu, hönnun og skipulagningu spítala og heilsutengdra verkefna.

Í erindi sínu taldi Hallgrímur upp átta nýleg sjúkrahús sem hafa verið byggð eða sem verið er að byggja í Danmörku og Noregi þar sem heildartími staðarvals, hönnunar og byggingar spítalanna er 5-10 ár eftir stærð þeirra og staðsetningu. Athyglisvert var að allir þessir spítalar hafa verið byggðir á nýjum stað í útjaðri viðkomandi borga í staðinn fyrir við gömlu spítalana í miðborginni.

Hallgrímur kynnti sérstaklega verkefni sem hann er að vinna að sem er nýtt háskólasjúkrahús í Stavanger í Noregi sem á að þjóna 360.000 íbúum svæðisins en íbúar Stavanger í dag eru um 140.000 eða svipað og á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Sjúkrahúsið verður 205.000 fm með 650 rúmum. Staðarvalsgreining var gerð á þremur stöðum í Stavanger og fór fram árin 2015-2016 sem fólst í 6 mánaða staðarvalsgreiningu og forhönnunarferli og 6 mánaða pólitísku ferli (deiliskipulag og leyfisveitingar). Hönnun og bygging sjúkrahússins á þeim stað sem valinn var tekur sjö ár og verður það tekið í notkun 2023. Staðarvalsgreiningin sýndi fram á að það var tveimur árum skemmri tími og mun ódýrara en að byggja við gömlu spítalana í miðborg Stavanger.

Kjósandi góður, hvers vegna tekur staðarvalsgreining sjúkrahúsa, deiliskipulag og leyfisveitingar tíu ár á Íslandi en aðeins eitt ár í Noregi?

# Húsnæðisöryggi og kaupleiga í Reykjavík



**Einar Jónsson**
lögfræðingur

Húsnæðisöryggi er mikilvægast fyrir flesta í þeim skilningi að íbúi sem efnir skyldur sínar geti búið í íbúð sinni svo lengi sem hann kýs.

Þetta húsnæðisöryggi er einungis til staðar í eignaríbúðum. Í öðrum tilfellum getur íbúi glatað húsnæði sínu þótt hann efni skyldur sínar fullkomlega; leigusamningar eru tímabundnir og/eða uppsegjanlegir, leigufyrirtæki geta selt íbúðir frá sér og öll félög og fyrirtæki geta orðið gjaldþrota. Þar með geta leigutakar, búsetar húsnæðissamvinnufélaga og þeir sem greitt hafa hvers konar afnotaréttargjöld misst húsnæði sitt.

Þarna skiptir engu máli hvort félag er rekið í hagnaðarskyni eða ekki.

Þá eru eignaríbúðir „besta fjárfestingin" í gegnum árin, afborganir lána greiðast í „eigin vasa" og skuldlitlar eða skuldlausar eignaríbúðir eru jafnan forsenda fyrir þolanlegri afkomu lífeyrisþega.

**Markaðsverð**

Markaðsverð íbúða ræðst af framboði og eftirspurn og þar eru hefðbundnir íbúðakaupendur í samkeppni við sterka aðila sem eru á markaðinum á öðrum forsendum svo sem fjárfesta og aðila í ferðaþjónustu en einnig við borgina þegar hún kaupir íbúðir á almennum markaði.

Á „eftirspurnarmarkaði" skilar aukin hagkvæmni eins og hagstæðari lánakjör eða lægri byggingarkostnaður sér ekki til kaupenda í verði undir markaðsverði og sama gildir um markaðsleigu. Lægri vextir og hærra lánshlutfall þrýsta hins vegar örugglega á verðhækkanir á almennum markaði og opinberar bætur og styrkir til íbúðakaupenda og leigutaka hafa sömu tilhneigingu á þeim markaði.

Hagkvæmni gæti hins vegar skilað sér til þess sem byggir fyrir sjálfan sig og til þeirra sem búa í íbúðum borgarinnar, til félagsmanna íbúðafélaga og í kaupleigu- og kaupréttarkerfi.

Stórauknar nýbyggingar fjölskylduíbúða er eina leiðin til að auka jafnvægi á markaðinum.

**Kaupleigu- eða kaupréttarkerfi**

Til lengri tíma greiða leigutakar upp kaupverð íbúða leigusala ásamt rekstrarkostnaði án þess að njóta húsnæðisöryggis eða hlutdeildar í eignaaukningu leigusalans.

Sama gildir um búseta húsnæðissamvinnufélaga varðandi íbúðir félaganna.

Kaupleigu- eða kaupréttarkerfi ætti að vera valkostur fyrir alla þá sem vilja tryggja sér húsnæðisöryggi og hafa greiðslugetu til að standa undir íbúðagreiðslum/húsaleigu en skortir fé til útborgunar á almennum markaði.

Þannig kerfi var kaupleigukerfið á seinustu áratugum síðustu aldar með mismiklum stuðningi í félagslegri- og almennri kaupleigu.

Reykjavíkurborg ætti að beita sér fyrir byggingu hagkvæmra kaupleigu- eða kaupréttaríbúða í opnu aðgengilegu kerfi þar sem kjarninn væri húsnæðisöryggi og hagsmunir leigutakans í fyrirrúmi. Eftir virkjun kaupréttar er kaupandi í sömu stöðu og aðrir íbúðaeigendur.

Lífeyrissjóðir/Íbúðalánasjóður gætu fjármagnað slíkt kerfi sem fellur vel að tilgangi laga um húsnæðismál.

Forskriftin er gróflega sú að þeir sem hafa fárhagsgetu til að greiða húsaleigu í viðunandi íbúð ættu að hafa þann valkost að geta keypt þannig íbúð í kaupleigu- eða kaupréttarkerfi borgarinnar.

**Fjölskylduvernd og húsnæðisöryggi**

Fjölskylduvernd, húsnæðisöryggi og öruggari íbúðaviðskipti mætti efla verulega með eftirfarandi aðgerðum:

1. Veðsetning og aðför verði óheimil í fjölskylduíbúðum nema fyrir íbúðalánum og íbúðagjöldum.
2. Óheimilt verði að segja upp leigutaka sem efnir skyldur sínar í íbúðum leigufélaga sem njóta fyrirgreiðslu borgarinnar og jafnframt verði takmarkanir á hækkun húsaleigu á leigutímanum.
3. Ástandsvottorð íbúða frá óháðum aðila væri skilyrði við íbúðasölur varðandi atriði sem geta dulist kaupanda eins og sveppamyndun, fúa eða pöddur í innviðum, steypugalla og slæmt ástand lagna.
4. Tryggingafé sem leigutaki hefur greitt leigusala nyti forgangs við búskipti svo og afnotaréttargreiðslur og búseturéttargjöld.

# Menntamál – ekki bara á tyllidögum



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
bæjarfulltrúi, skipar 1. sæti á lista Vinstri grænna í Kópavogi

Í áratugi hefur umræða um mikilvægi menntunar verið fyrirferðarmikil í hátíðarræðum stjórnmálamanna. Þegar niður úr pontu er stigið er orðin gleymd og efndir litlar. Þetta er gömul saga og ný sem skólafólk þekkir.

Í kjölfar efnahagshrunsins fyrir nær tíu árum var víðast hvar skorið niður fé til skóla. Í Kópavogi var skorið niður um tugi milljóna og á það bentum við hjá Vinstri grænum fyrir kosningarnar árið 2014. Þrátt fyrir betri efnahagsstöðu síðustu misserin hefur þeim fjármunum ekki verið skilað til baka. Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogs er búinn að núllstilla og gleyma. Börn líða fyrir að fá ekki þá þjónustu sem þau eiga rétt á og þarfnast til að byggja upp sterka sjálfsmynd og menntast á eigin forsendum. Kennurum eru sífellt falin aukin verkefni og álagið eykst. Ef áfram heldur sem horfir munu brátt vera fáir menntaðir kennarar í leikskólum bæjarins og grunnskólar gætu farið að standa frammi fyrir kennaraskorti.

**Loforðasamkeppni**

Nú fyrir sveitarstjórnarkosningarnar keppast frambjóðendur við að yfirbjóða hver annan og málefni leik- og grunnskóla eru fyrirferðarmikil í loforðaflauminum. Í þessu sambandi vil ég minna á að þetta eru gjarnan sömu framboðin og hafa verið við völd í sveitarfélögunum, jafnvel í áratugi, án þess að forgangsraða í þágu barna og menntunar þeirra. Í stefnu Sjálfstæðisflokksins sem birtist í málgagni hans Vogum, flokka þeir fyrsta skólastigið, leikskólann, til umönnunar en ekki menntunar og tala um dagMÆÐUR en ekki dagforeldra. Sjálfstæðisflokkurinn situr eftir í fortíðinni og virðist ekki vita að leikskólar eru menntastofnanir og leikskólinn er fyrsta skólastigið. Fulltrúi annars framboðs í Kópavogi hefur komið með tillögu um aukið eftirlit með fjarvistum kennara í grunnskólum. Traustinu til stéttarinnar, virðingu og þekkingu á málefninu er ekki fyrir að fara hjá þessum aðilum.

Ég starfaði sem grunnskólakennari í Kópavogi í meira en 20 ár og hef unnið náið með leikskólakennurum undanfarin ár. Starfsfólk þessara stofnana vinnur mikilvægustu störf sveitarfélaganna, en býr við bág kjör, mikið álag og slæmar vinnuaðstæður. Þetta starfsfólk er undirstaða velferðar hvers sveitarfélags og menntunar barnanna okkar. Alla daga, ekki bara tyllidaga.

Vinstri græn í Kópavogi ætla að forgangsraða í þágu barna og fjölskyldna þeirra og okkur er alvara. Við viljum samvinnu við kennara og annað starfsfólk leik- og grunnskóla, því þeir eru sérfræðingarnir.

Gera þarf stórátak í að fjölga starfsfólki leikskóla, ekki síst leikskólakennurum og styrkja grunnskólann með auknum stuðningi við kennara og nemendur. Bæta þarf starfsaðstæður og launakjör, bæði í leik- og grunnskólum. Þetta þolir enga bið.

Við hjá Vinstri grænum vitum að samfélag sem býr vel að börnum og forgangsraðar í þágu menntunar er gott samfélag. Við vitum líka að skólakerfið er hornsteinn menntunar og félagslegra framfara.

14. JÚN
OG
15. JÚN

Í REYKJAVÍK



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY
## NEW WORLDS

1.–17. JÚN

2018

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

LISTAHÁTÍÐ

LISTAHÁTÍÐ.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTÍÐAR
Í REYKJAVÍK

# Stóra stundin rennur upp

**Sara Björk Gunnarsdóttir röltir í dag inn á Valeriy Lobanovskyi-völlinn með liði sínu, Wolfsburg, sem mætir Lyon í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu. Hún getur orðið fyrsta íslenska konan til þess að vinna keppnina.**

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir, landsliðsfyrirliði í knattspyrnu, og liðsfélagar hennar hjá Wolfsburg munu í dag mæta Lyon í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu, en leikurinn fer fram í Kiev í Úkraínu. Wolfsburg getur fullkomnað þrennuna með sigri í þessum leik, en liðið hefur nú þegar tryggt sér þýska meistaratitilinn og um síðustu helgi varð liðið bikarmeistari eftir sigur gegn Bayern München í bikarúrslitaleik þar sem vítaspyrnukeppni þurfti til þess að útkljá úrslitin.

Sara Björk sem verður að öllum líkindum fyrsti íslenski leikmaðurinn til þess að spila í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu hefur svo sannarlega lagt sín lóð á vogarskálina til þess að koma liðinu í úrslitaleikinn. Hún hefur skorað sex mörk fyrir Wolfsburg til þessa í keppninni og þykir það býsna gott í ljósi þess að hún spilar alla jafna í hlutverki djúps miðjumanns.

„Ég finn vel fyrir því hversu stór leikur þetta og það er mikill fiðringur í mér fyrir þessum leik. Þetta er klárlega stærsti leikurinn á ferli mínum og mig hefur dreymt um að spila þennan leik síðan ég var lítil stúlka. Það er hálf óraunverulegt að það sé að koma að þessu, en þegar út á völlinn er komið er þetta bara fótbolti og ég má ekki gleyma því að njóta þessarar stóru stundar,“ segir Sara Björk í samtali við Fréttablaðið.

Wolfsburg fær tækifæri til þess að vinna keppnina í þriðja skipti í sögu félagsins, en liðið bar sigur úr býtum í keppninni árin 2013 og 2014. Wolfsburg á harma að hefna gegn Lyon, en síðustu tvö ár hefur franska liðið haft betur gegn Wolfsburg á mismunandi stigum keppninnar. Lyon hafði betur eftir vítaspyrnukeppni í úrslitaleik fyrir tveimur árum og sló svo þýska liðið út í átta liða úrslitum keppninnar síðasta vor.

„Ég tel að við séum með sterkara lið en á síðasta tímabili og séum betur í stakk búnar til þess að hafa betur en Lyon að þessu sinni. Leikir liðanna undanfarin ár hafa verið jafnir og ég held að það verði sama uppi á teningnum að þessu sinni.


Sara Björk Gunnarsdóttir hefur skorað sex mörk fyrir Wolfsburg í Meistaradeild Evrópu í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

> Það er hálf óraunverulegt að það sé að koma að þessu, en þegar út á völlinn er komið er þetta bara fótbolti og ég má ekki gleyma því að njóta þessarar stóru stundar.
>
> Sara Björk Gunnarsdóttir

Það eru fjölmargir góðir leikmenn í báðum liðum og ég held að það verði hátt tempó í leiknum og hann verði mjög skemmtilegur. Vonandi fer hann á þann hátt sem við óskum okkur,“ segir Sara Björk aðspurð að því hvernig hún búist við því að leikurinn þróist.

Wolfsburg mun líklega leggja áherslu á að koma þýsku landsliðskonunni Alexöndru Popp og dönsku landsliðskonunni Pernille Harder eins mikið inn í leikinn og mögulegt er. Pernille hefur skorað sjö mörk í jafn mörgum leikjum í keppninni og þar að auki lagt upp sex mörk fyrir samherja sína. Alexandra hefur átt jafn margar stoðsendingar og Pernille og skorað fjögur mörk sjálf.

Wolfsburg mun að öllum líkindum leggja ríka áherslu á það á liðsfundi sínum hvernig mögulegt er að Ada Hegerberg og Carmille Abily komist í takt við leikinn. Þá þarf Wolfsburg að finna leiðir til þess að komast framhjá Wendie Renard, hinum sterka varnarmanni Lyon.

„Ég finn vel fyrir því hversu mikill áhugi er heima fyrir leiknum og vinir mínir og fjölskylda munu vera límd við skjárinn síðdegis í dag. Það kemur svo nokkuð stór hópur frá Wolfsburg til þess að styðja okkur á leiknum. Spennan mun magnast eftir því sem nær dregur að leiknum og það verður mjög gaman að taka þátt í þessum leik og ég er stolt að því að vera fulltrúi Íslands á þessu stóra sviði. Það er mikilvægt fyrir unga leikmenn að sjá að þetta sé hægt,“ segir Sara Björk um stemminguna í kringum leikinn.

Hann hefst klukkan 16.00 og það er vonandi að um sexleytið verði Sara Björk fyrsta íslenska konan til að lyfta Meistaradeildarbikarnum.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## 23 DAGAR í HM




**Ari Freyr Skúlason**

**Aldur:** 31 árs
**Staða:** Vinstri bakvörður
**Félag:** Lokeren
**Landsleikir:** 54

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Breiðablik - Víkingur 0-0**

**Stjarnan - Fylkir 3-0**
1-0 Guðjón Baldvinsson (13.), Hilmar Árni Halldórsson (21.), 3-0 Baldur Sigurðsson (82.)

**Grindavík - Valur 2-1**
1-0 Aron Jóhannsson (13.), 1-1 Patrick Pedersen (víti) (44.), 2-1 Jose Sito (87.)

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA - KR 2-0**
1-0 Sjálfsmark (53.), 2-0 Sandra Stephany Mayor (86.)

**Selfoss - FH 3-1**
1-0 Eva Lind Elíasdóttir (9.), Eva Lind Elíasdóttir (37.), Sophie Maierhofer (70.), 3-1 Guðný Árnadóttir (87.)

**Valur - HK/Víkingur 2-0**
1-0 Elín Metta Jensen (36.), Crystal Thomas (53.)

## Emery næsti stjóri Arsenal

**FÓTBOLTI** Unai Emery verður eftirmaður Arsenes Wenger hjá Arsenal. Spánverjinn skrifaði undir tveggja ára samning við Skytturnar sem enduðu í 6. sæti ensku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili.

Emery var síðast við stjórnvölinn hjá Paris Saint-Germain en hann gerði liðið að frönskum meisturum í vetur. Hann stýrði Sevilla á árunum 2013-16 og gerði liðið þrisvar að Evrópudeildarmeisturum. Emery, sem er 46 ára, hefur einnig þjálfað Lorca Deportiva, Almería, Valencia og Spartak Moskvu.

Wenger kvaddi Arsenal í vor eftir 22 ára starf. Ekki liggur fyrir hvað tekur við hjá Frakkanum. **– iþs**

VERTU REYKLAUS
Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ
NICOTINELL

15% AFSLÁTTUR*

* 2MG og 4MG 204 stk pakkningum. Gildir af öllum bragðtegundum.




Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 24. MAÍ 2018

# Með flóamarkaðs-geðsýki á háu stigi

Á sínum yngri árum var tónlistarmaðurinn Lord Pusswhip pönkari og skreytti sig með keðjum frá BYKO. Í dag finnst honum flóamarkaðs-geðsýki lýsa best fatastíl sínum. →2



Hvíta bolinn og buxurnar keypti Þórður í fatabúð í Marseille í Frakklandi. „Skórnir eru sérútbúnir Nike-skór sem Íslandsvinurinn og flugdólgurinn Ryan Hawaii gaf mér fyrir að spila á tónleikum sínum í Amsterdam en hann tússaði á skóna og skreytti þá," segir Þórður Ingi Jónsson. MYNDIR/EYÞÓR



**Guðný Ásberg er fagurkeri og fylgist vel með tískustraumum. Hún segist eiga of mikið af skóm en pels sem hún keypti nýlega á markaði í Los Angeles er í mestu uppáhaldi.** →4




VEISLAN HEFST HJÁ OKKUR

BRÚÐKAUP OG ÚTSKRIFTIR

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➺

Tónlistarmaðurinn og upptökustjórinn Þórður Ingi Jónsson, betur þekktur sem Lord Pusswhip, situr aldrei auðum höndum. Undanfarna mánuði hefur hann m.a. verið að undirbúa mikið af nýjum útgáfum og spilað víða. „Fyrsta vínylplatan mín, The Hand of Glory EP, kom út í mars á bbbbbb records, íslensku raftónlistarútgáfunni hans Bjarka. Einnig gaf ég nýlega út Stationz Ov Tha Puss, safnkassettu á Ladyboy Records. Ég hef einnig verið að pródúsera lög fyrir ýmsa listamenn hér á landi og erlendis auk þess sem ég hef farið í tónleikaferðalög.

Tónlistin er í fyrirrúmi en utan hennar hefur hann sinnt ýmsu öðru undanfarin ár. „Ég er mest að einbeita mér að tónlist þessa dagana en ég hef líka starfað mikið í blaðamennsku, seinast fyrir Indie Magazine í Berlín og nú fyrir útvarpsþáttinn Lestina á Rás 1. Undanfarin tvö ár hef ég búið í Berlín en flutti heim í bili síðustu jól.“

Þórður hefur lengi vakið athygli fyrir persónulegan fatastíl en hvernig skyldi hann lýsa honum sjálfur? „Stóri bróðir minn lýsti fatasmekknum mínum sem „flóamarkaðsgeðsýki“ eða „thrift store psychosis“. Mér finnst það smá viðeigandi. Ég á mér ekki beint tískufyrirmyndir heldur reyni bara að vera ég sjálfur. Þegar ég var yngri var ég hins vegar pönkari og sótti mikinn innblástur þaðan, fór t.d. oft í BYKO til að kaupa keðjur. Annars finnst mér klæðaburður minn ekki hafa þróast mikið undanfarin ár. Þó er ég kannski almennt ekki í alveg jafn villtum og áberandi klæðnaði og þegar ég var yngri. Meira smekklegur í dag.“

*Hvar kaupir þú helst föt?*
Ef ég kaupi eitthvað nýtt þá er það vanalega á flóamörkuðum eða í gegnum netið.



Appelsínugula peysan er ein af uppáhalds hettupeysum Þórðar, Dickies-peysa sem hann keypti í vinnufatabúðinni á Karl Marx Strasse í Berlín. „Þeir sem vinna við að þrífa Berlínarborg klæðast svona appelsínugulum fötum með endurskinsmerkjum. Mér fannst þetta svo gott lúkk að ég varð að stela því. Skórnir eru augljóslega Timberland-skór. Ég ætti kannski að þrífa þá en það er samt smá hluti af lúkkinu.“



Bolurinn er nýr Pusswhip-bolur sem Þórður hannaði fyrir Tim Rosenbaum sem rekur fatafyrirtækið Atelier Rosenbaum í Berlín. „Skyrtan er kúrekaskyrta sem bróðir minn, myndlistarmaðurinn Þórarinn Ingi Jónsson, stenslaði með hvítri málningu. Skórnir eru magnaðir rúskinnsskór með gullkeðju en þeir voru keyptir í Bandaríkjunum. Mjög „pimpy“.“

Glæsilegir jakkar



Verð 12.900 kr.

3 litir: bleikt, álgrátt, olivugrænt
stærð 36 - 46

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Kíkið á myndir og verð á Facebook

*Hvaða litir eru í uppáhaldi?*
Ef ég ætti að nefna einn lit væri það fjólublár. Ég, mamma og bróðir minn erum þó vanalega klædd í svart, smá eins og Addams-fjölskyldan.

*Hvernig fylgist þú helst með tískunni?*
Ég er voða lítið að fylgjast grannt með nýrri tísku en þekkingin smýgur smá í gegnum Twitter.

*Áttu minningar um gömul tískuslys?*
Þegar ég var tólf ára pönkari keypti ég fjólubláan leðurjakka og málaði „DVERGAKLÁM“ á bakið. Veit ekki alveg með þessa týpu í dag.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn?*
Það er græna úlpan sem ég klæðist á einni myndinni hér. Ég passa enn í hana þótt ég hafi keypt hana fyrir meira en tíu árum síðan.

*Áttu einhverjar uppáhaldsverslanir?*
Firmament í Berlín er mjög töff og Radd Lounge í Tókýó.

*Áttu þér uppáhaldsflík?*
Kannski bara Lil Ugly Mane jakkann minn frá Radd Lounge.









Lord Pusswhip hefur verið iðinn við kolann undanfarin ár.

*Bestu og verstu fatakaupin?*
Bestu kaupin voru Jazz Jackrabbit jakki sem ég fann í Hjálpræðishernum sem var greinilega framleiddur þegar leikurinn kom út á sínum tíma. Verstu kaupin voru flest gerð í H&M.

*Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?*
Nei, ég er allt of blankur eins og er.

*Notar þú fylgihluti?*
Ég elska hringa og keðjur en er samt dálítið gjarn á að týna þeim, því miður.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |




# Útskriftarnemendur í samtímadansi frá Listaháskóla Íslands sitja fyrir í fatnaði frá okkur

Við þökkum þessum flotta hópi kærlega fyrir skemmtilega samvinnu og óskum þeim hjartanlega til hamingju með áfangann.

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Leðurjakkinn bestu kaupin

Guðný Ásberg er mikill fagurkeri og fylgist vel með nýjum tískustraumum. Hún segist eiga of mikið af skóm en pels sem hún keypti nýlega á markaði í Los Angeles er í mestu uppáhaldi.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ég hef alltaf fylgst vel með tískunni, ekki síst götutískunni," segir Guðný Ásberg, nemi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Meðfram námi vinnur hún hjá Hjallastefnunni, nánar tiltekið á leikskólanum Öskju, en Guðný stefnir á að ljúka stúdentsprófi innan skamms. Um árabil hefur hún einnig starfað hjá Sambíóunum Álfabakka.

Áhugamálin eru mörg en Guðný segir að sér finnist einna skemmtilegast að ferðast og njóta lífsins með fjölskyldu og vinum. „Ég hef líka mikinn áhuga á förðun. Sjálf lærði ég förðun við Reykjavík Make Up School og útskrifaðist ég þaðan fyrir rúmum tveimur árum."

> „Kjólar með blómamynstri verða áberandi í sumar og vinsælt að blanda saman gömlum rokkbolum og finni flíkum.

## Rokkbolir í bland við fínni föt

Þegar Guðný er spurð hvar hún fylgist helst með nýjum tískutrendum segist hún fylgjast með Instagram og skoði Pinterest af og til. „Af því sem ég hef séð verða sumarlegir kjólar með blómamynstri áberandi á næstunni. Það verður líka vinsælt að blanda saman gömlum rokkbolum og fínni flíkum. Svo er ekki spurning um að glær veski, hlébarðamynstur og rautt og bleikt kombó verður í tísku í sumar," segir hún.

## Á mikið af skóm

Þegar Guðný er spurð hvaða flík sé í uppáhaldi hjá henni kemur í ljós að það er pels sem hún keypti á flóamarkaði fyrr í vor. „Ég keypti þennan pels af eldri manni sem var að selja hann fyrir móður sína sem býr í Texas. Um er að ræða kálfapels sem ég fékk á fimmtíu dollara. Ég get líka alltaf bætt við skóm, þótt ég eigi eiginlega of mikið af þeim. Ég hef ekki ákveðið hvort ég kaupi mér eitthvað nýtt í fataskápinn í sumar en það er aldrei að vita."

## Alltaf með armbönd

Guðný notar gjarnan fylgihluti og segist alltaf vera með armbönd á sér. „Einnig nota ég töskur og ég elska sólgleraugu," upplýsir hún.

Zara er uppáhaldsverslunin eins og stendur en hvað skyldu vera bestu og verstu fatakaupin? „Neonbleiku legghlífarnar mínar sem ég notaði óspart á mínum yngri árum eru tvímælalaust verstu kaupin. Ég held að bestu kaup sem ég hef gert sé leðurjakkinn minn sem er klassískur og ég get notað hann við allt," segir Guðný Ásberg.



Guðný Ásberg er mikill fagurkeri og hefur gaman af tísku og förðun. MYNDIR/ANTON BRINK



Bolurinn er úr Zara og buxurnar frá Uniqlo. Veskið er einnig úr Zara.



Jakkinn er úr H&M og klúturinn, sem setur mikinn svip á heildarútlitið, er úr Zara.




Guðný fékk þessa fögru tösku í Prada í Los Angeles.


















**- NÝ -**
**SENDING**



















# Brandtex®

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland

Brandtex SIGNATURE Jensen IMITZ CISO

# Gullfalleg á áttræðisaldri

## Glæsikvendið Priscilla Presley er 73 ára í dag. Hún ber aldurinn vel.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Priscilla var eina konan sem rokkkóngurinn Elvis Presley kvæntist. Hér er hún við sundlaugina heima 1975.

Leikkonan og viðskiptajöfurinn Priscilla Presley er heimsbyggðinni kunnust fyrir að hafa verið eiginkona og barnsmóðir rokkkóngsins Elvis Presley. Hún er norsk í móðurættina en faðir hennar var bandarískur orrustuflugmaður sem fórst í flugslysi þegar hún var hvítvoðungur. Priscilla eignaðist ung fósturföðurinn Paul Beaulieu sem var liðsforingi í bandaríska flughernum og reyndist henni góður faðir. Fjölskyldan flutti á milli herstöðva og bjó í Þýskalandi þegar þau Elvis kynntust þar sem hann gegndi herþjónustu. Þá var hún fjórtán ára.

Priscilla vakti ung athygli fyrir einstaka fegurð og hefur alltaf tollað í tískunni. Eftir skilnað við Elvis 1973 opnaði hún tískuverslunina Bis & Beau þar sem hún seldi eigin fatahönnun til ársins 1976. Meðal dyggra viðskiptavina voru leik- og söngkonurnar Cher, Lana Turner, Barbra Streisand og Natalie Wood.

Elvis og Priscilla gengu í hjónaband 1. maí 1967 og einkadóttir þeirra, Lisa Marie, fæddist sléttum níu mánuðum eftir brúðkaupsnóttina, þann 1. febrúar 1968.

Priscilla hefur sýnt að hún hefur gott viðskiptavit. Þegar Elvis féll frá 1977 skildi hann eftir sig talsverðar skuldir og stóð Priscilla frammi fyrir því að selja setrið hans Graceland. Dóttirin Lisa Marie var einkaerfingi og ákvað Priscilla að tefla á tvær hættur og breyta setrinu í safn til að sjá hvort arfur dóttur þeirra yrði meiri. Á aðeins einum mánuði hafði kostnaður við safnið borgað sig og allar götur síðan hefur Graceland verið einn af eftirsóttustu ferðamannastöðum Bandaríkjanna.

Elvis var af gamla skólanum og vildi hafa Priscillu sína heima en hún þráði mest að sitja fyrir og leika í kvikmyndum. Henni bauðst að leika einn af englum Charlies en hennar þekktustu hlutverk eru úr sjónvarpsþáttunum Dallas og kvikmyndaþrennunni The Naked Gun.

Priscilla kom fram með eigin ilmvatnslínu 1988 sem gekk vel árum saman. Í dag er hún enn viðloðandi Graceland og sinnir góðgerðarmálum af kappi.



Priscilla og Elvis Presley á brúðkaupsdaginn, 1. maí 1967. Takið eftir tísku sjöunda áratugarins í hári, förðun og brúðarskarti Priscillu.



Priscilla viðheldur æskuljómanum vel, þarna orðin 71 árs, árið 2016. Með henni er ömmubarnið og leikkonan Riley Keough, dóttir Lisu Marie Presley.



Glæsileg með blásið hár og stórar krullur á diskótímabilinu.



Priscilla hefur alltaf iðilfagrar og kvenlegar línurnar í lagi.



Priscilla sem þokkafullur spæjari úr tískumyndatökum frá því um 1980.






# Út að hlaupa

FIMMTUDAGUR 24. MAÍ 2018

Kynningar: ÍSAM ICEPHARMA



## Hreinsar hugann á hlaupum

Hlaup eru helsta áhugamál endurskoðandans Reynis Stefáns Gylfasonar sem byrjaði að hlaupa árið 2012. Fimm árum síðar hóf hann að stunda utanvegahlaup og tekur meðal annars þátt í 105 kílómetra hlaupi á Ítalíu í sumar. →2

„Í dag nýt ég þess að hlaupa einn til þess að hreinsa hugann og um leið að hitta hlaupafélagana um helgar og njóta félagsskapar þeirra,“ segir Reynir Stefán Gylfason langhlaupari. MYND/ANTON BRINK



ENNEMM / SIA • NM82184

ÞÚ FERÐ LENGRA MEÐ
SAGAPRO
Vinsæl vara við tíðum þvaglátum




SAGA MEDICA





Þreyttur en mjög glaður eftir utanvegahlaupið í Frakklandi á síðasta ári.



Eftir þriggjalandahlaup í Austurríki þar sem hlaupið var í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Með honum eru Rannveig Borg Sigurðardóttir (t.v.) og Lilja Dögg Stefánsdóttir, eiginkona hans.



Hlaupafélagarnir taka stutta pásu við Steininn í hlíðum Esjunnar fyrr í vetur. Reynir er fyrir miðri mynd.



Við æfingar við Esjuna í vetur meðan enn var snjór.









Framhald af forsíðu

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Um sex ár eru síðan Reynir Stefán Gylfason endurskoðandi hóf að stunda hlaup af kappi en þá bjó hann og fjölskylda hans í Sviss. Þau hjónin tóku þátt í sínu fyrsta maraþonhlaupi í Amsterdam árið 2015 og árið 2017 hóf hann að stunda utanvegahlaup. Síðan þá hefur hann m.a. keppt í 83 km utanvegahlaupi í Annecy í Frakklandi á síðasta ári og er um þessar mundir að undirbúa sig fyrir 105 km hlaup á Ítalíu í sumar.

„Ég byrjaði að hlaupa eitthvað af viti í Sviss árið 2012 enda var nánast alltaf logn þar og frekar hlýtt. Fyrstu árin var þetta frekar ómarkvisst hjá mér og helsta markmiðið var að koma mér í betra líkamlegt form. Eftir að við fluttum heim til Íslands 2014 elti ég eiginkonu mína, Lilju Dögg Stefánsdóttur, í hlaupahópinn Bíddu aðeins, sem í dag heitir Hlaupahópur Breiðabliks. Undanfarin ár hef ég hlaupið þrjú maraþon, það síðasta í Tel Avív í febrúar. Í dag nýt ég þess að hlaupa einn til þess að hreinsa hugann og um leið að hitta hlaupafélagana um helgar og njóta félagsskapar þeirra."

## Esjan helsta æfingasvæðið

Utanvegahlaupið í Annecy í Frakklandi kom til með skömmum fyrirvara að sögn Reynis. „Fjölskyldan var stödd í fríi í Ástralíu þar sem eldri sonur okkar var í háskóla þegar fjórir félagar úr hlaupahópnum ákváðu að skrá sig í hlaupið. Ég hef alltaf verið til í að takast á við nýjar áskoranir og mér fannst þessi áskorun vera þess eðlis að ég gæti ekki sleppt henni."

> Síðan höfum við eiginlega búið á Esjunni frá því í apríl en við reynum að fara þangað tvisvar í viku og hlaupum í 1,5 til 4 klst.

Hann skráði sig því í hlaupið án þess beinlínis að velta því mikið fyrir sér. Frá því í janúar 2017, fram að hlaupi 27. maí, æfði hópurinn 4-6 sinnum í viku og hljóp rúmlega 60 km að meðaltali í viku. „Við fengum Elísabetu Margeirsdóttur til að aðstoða okkur við að búa til æfingaáætlun sem við fylgdum eftir nokkuð samviskusamlega. Lykilæfingin var langt hlaup um helgar sem var frá 2,5 klst. upp í 6 klst. sem var lengsta æfingin. Við höfum reynt að gera meira úr þessum löngu æfingum, förum yfirleitt saman í sund á eftir, tökum spjall og slökum á í heita og kalda pottinum. Lágafellslaug verður gjarnan fyrir valinu enda er hún næst Esjunni sem er okkar helsta æfingasvæði fyrir fjallahlaup."

## Svipaður undirbúningur

Hlaupið í sumar á Ítalíu verður öllu lengra eða 105 km og verður hækkunin rúmlega 7.000 metrar, samanborið við 5.200 hækkun í Frakklandi á síðasta ári. „Við vorum að leita að utanvegahlaupi fyrir þetta sumar og Elísabet kom með þessa hugmynd. Hlaupið er haldið á Norður-Ítalíu og hefst í bæ sem heitir Courmayeur. Margir Íslendingar þekkja svæðið sem er vinsælt skíðasvæði á veturna og göngusvæði á sumrin."

Hann segir undirbúninginn hafa verið svipaðan og á síðasta ári en núna hafi þau byrjað fyrr þar sem hópurinn tók þátt í maraþonhlaupi í Tel Avív í febrúar sem var hluti af æfingaáætluninni. „Síðan höfum við eiginlega búið á Esjunni frá því í apríl en við reynum að fara þangað tvisvar í viku og hlaupum í 1,5 til 4 klst. Hápunktur æfingaplansins verður þegar við tökum þátt í Esjumaraþoninu sem verður 9. júní en það er um 45 km og með rúmlega 3.000 metra hækkun."

## Mælir með hlaupahópum

Utan Esjumaraþonsins og Ítalíuhlaupsins er fátt stórt á döfinni í sumar, segir Reynir. „Ég er þó að velta fyrir mér að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst og síðan er aldrei að vita hvað manni dettur sniðugt í hug."

Aðspurður hvaða góð ráð hann geti gefið þeim sem langar til að byrja að hlaupa mælir hann eindregið með þátttöku í hlaupahópum. „Ég ráðlegg helst þeim sem vilja byrja að hlaupa að skrá sig í hlaupahóp en þeir eru mjög margir, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Það er mjög gott aðhald í hlaupahópum, skemmtilegur félagsskapur og fólk á öllum stigum hlaupagetu og reynslu. Þannig að allir ættu að geta hlaupið á sínum hraða og fundið sér hlaupafélaga sem er á svipuðu róli. Svo er bara að reima á sig skóna og skokka af stað!"

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrims Hallgrimsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is



# Ég sleit krossbönd og fór í fimm liðþófaaðgerðir.

„Ég sleit krossband fyrir mörgum árum og hef farið í nokkrar liðþófaaðgerðir. Þegar ég byrjaði að hlaupa fyrir sirka fimm árum var ég alltaf með verki í hnjánum og í upphafi síðasta árs voru verkirnir þannig að ég gat ekki stigið í fótinn. Ég tók mér pásu og byrjaði aftur en alltaf komu verkirnir aftur og það var svo komið að ég gat ekki stigið í fótinn nema að finna fyrir verkjum, ég vaknaði á nóttinni með verki. Fyrir sirka ári byrjaði ég að taka Nutrilenk að staðaldri og smám saman gat ég farið að ganga eðlilega og hlaupa aftur.

Núna get ég gengið og hlaupið verkjalaus og finn ekkert fyrir verkjum eftir mikil átök. Ég kláraði hálft maraþon og fjallahlaup án verkja nú í sumar og þessu þakka ég NUTRILENK."

*Jóhann Gunnarsson – sölustjóri hjá Pennanum.*

## Samt hljóp ég hálft maraþon í sumar verkjalaust.

**NUTRILENK GEL**

Er hugsað bæði fyrir liði og vöðva en það er kælandi, dregur úr bólgum og er gott fyrir brjóskvefinn. Gelið má nota eftir þörfum en meðal innihaldsefna eru eucalyptus ilmkjarnaolía og engiferþykkni sem hafa verið notuð í náttúrulækningum í aldaraðir.

**NUTRILENK GOLD**

Hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjást af liðverkjum, stirðleika eða braki í liðum. Hjá þeim sem þjást af minnkuðum brjóskvef þá getur NUTRILENK GOLD virkað verkjastillandi á liðverki, en liðverkir orsakast af rýrnun brjóskvefs í liðamótum.

**NUTRILENK ACTIVE**

Er fyrst og fremst ætlað þeim sem þjást af minnkuðum liðvökva. Minnkaður liðvökvi lýsir sér oftast í stirðleika og sársauka í kringum liðamót og því frábrugðið því þegar fólk þjáist af sliti í liðum. Minnkaður liðvökvi getur átt sér stað hjá fólki á öllum aldri og er algengt meðal fólks sem stundar álagsíþróttir.

**NUTRILENK**
öflugur liðstyrkur

# Bætiefni Arnars maraþonhlaupara

**Arnar Pétursson er einn fremsti maraþonhlaupari landsins. Hann hefur sett stefnuna á Ólympíuleikana árið 2020 og æfir því af miklum krafti. Arnar notar bætiefni frá NOW.**

Óhætt er að segja að líf Arnars snúist um maraþonhlaup. Í fyrra tók hann þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka og varð fyrstur í mark í þriðja skipti. Á seinasta ári varð hann jafnframt nífaldur Íslandsmeistari í frjálsum íþróttum, fyrstur Íslendinga.

„Markmiðið er að ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Tókýó sumarið 2020. Ég ætla að að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu í sumar, auk þess að hlaupa maraþon í Berlín eða Köln,“ segir Arnar sem er nýlega kominn heim frá Hamborg. Þar í borg hljóp hann maraþon á þriðja besta tíma sem Íslendingur hefur hlaupið frá upphafi.



Arnar tekur bætiefni frá NOW til að fá öll steinefni, vítamín og bætiefni sem hann þarf á að halda.

## Vill ná góðum árangri

Arnar æfði fótbolta og körfubolta á sínum yngri árum og hampaði Íslandsmeistaratitli í báðum greinum. Síðustu sex árin hefur hann einbeitt sér að maraþoni með frábærum árangri. „Ég æfi mikið og vil ná eins góðum árangri og ég mögulega get. Það skiptir miklu máli að vera með allt á hreinu varðandi æfingar, það er ekki nóg að æfa mikið heldur þarf líka að hugsa um næringu, bætiefni, teygjur, nudd og að allt utanumhald sé pottþétt,“ segir Arnar.

Hann hefur verið svo lánsamur á sínum ferli að hafa ekki þurft að glíma við íþróttameiðsli. „Það er ekkert einfaldara en að meiðast eða æfa of mikið. Þess vegna er mikilvægt að vera vakandi fyrir því hvernig líkaminn bregst við þjálfun,“ segir Arnar og bætir við að það sé mikið nákvæmnisverk. „Til að ná hámarksárangri þarf að dansa á þeirri línu að vera á milli þess að vera í ofþjálfun og ná hámarksárangri. Það má ekki fara yfir þessa línu.“

Arnar er með BA-gráðu í hagfræði og lýkur senn þremur mastersgráðum á þremur árum. „Undanfarin ár hef ég verið í 120 prósent námi og unnið meðfram því en ég lýk mastersnámi í endurskoðun og reikningsskilum, fjármálum fyrirtækja og kennsluréttindum núna í sumar. Þetta hefur gengið vel með góðu skipulagi en ég hef varla gert annað en að æfa, læra og ferðast. Á þessum þremur árum hef ég verið í útlöndum í um 14 mánuði samtals. Fyrst sem skiptinemi í Þýskalandi og svo í æfingabúðum um allan heim. Það er bara gott að geta tekið námið og æfingarnar með sér hvert sem maður fer,“ segir Arnar brosandi.

Arnar er á Instagram undir notendanafninu @arnarpetur þar sem hann leyfir fólki að fylgjast náið með hvað þarf til að ná betri árangri í hlaupum.

## B12-vítamín daglega

Arnar byrjar daginn á að taka B12 Ultra en miklar æfingar spæna upp B-vítamín í skrokknum. B12 er nauðsynlegt við myndun nýrra rauðra blóðkorna og skortur á því getur valdið blóðleysi, þrekleysi og siþreytu. B-12-vítamín finnst ekki grænmetisfæði og grænmetisætum því hætt við skorti. NOW Ultra B12 liquid inniheldur einnig hin B-vítamínin: 1, 2, 3, 5 og 6.

## Amino Power fyrir æfingar

Fyrir æfingar tekur Arnar Amino Power sem er hreinn Pre Workout drykkur sem inniheldur engin óæskileg aukaefni, er sættur með stevíu og xylitoli og litaður með rauðrófudufti. Drykkurinn inniheldur mátulegt magn af koffeini (50 mg í skammti) sem eykur orku og einbeitingu, BCAA-amínósýrur sem hraða endurheimt og auka vöðvavöxt, beta-alanín og karnitín til að draga úr þreytu og arginín til að auka blóðflæði.

## Ofurblanda af grænni fæðu

Á milli mála fær Arnar sér Green Phyto Foods, ofurblöndu af grænni fæðu og jurtum, bætt með vítamínum og steinefnum, trefjum, ensímum og chlorophyll (blaðgrænu). Ein besta leiðin til að borða grænmeti er að drekka það.

## Nauðsynlegt að taka bólgueyðandi

Arnar tekur daglega inn Curcufresh. Kúrkúmin er virka efnið í túrmeriki og er það talið hafa mjög bólgueyðandi eiginleika. Curcufresh og Curcubrain blöndurnar frá NOW eru sérhannaðar til að hámarka upptöku og nýtast þær sérstaklega vel í endurheimt eftir hlaup.

## Góðgerlar fyrir þarmaflóruna

Til að halda meltingunni í lagi tekur Arnar Probiotic 10 25 billion. Góðgerlar eru ekki bara fyrir þá sem þjást af einhvers konar meltingarkvillum heldur fyrir alla sem vilja lifa heilbrigðu lífi. Íþróttafólk undir miklu álagi getur verið sérstaklega viðkvæmt fyrir pestum og öðrum veikindum, en góð þarmaflóra og inntaka góðgerla getur dregið úr þessum neikvæðu áhrifum.

## Steinefnablanda fyrir eða eftir æfingar

Arnar tekur daglega Full spectrum minerals, steinefnablöndu með öllum helstu steinefnunum sem við þurfum til að líkaminn starfi eðlilega. Við erfiðar æfingar töpum við steinefnum og því er sérstaklega mikilvægt að fylla á forðann bæði fyrir, eftir og jafnvel á meðan æfingu stendur. Steinefnablandan frá NOW inniheldur m.a. steinefnin magnesíum, kalk, joð, mangan, sínk, króm, kalíum og fleira.




Arnar byrjar daginn á að taka B12 Ultra en miklar æfingar spæna upp B-vítamín í skrokknum.




Á milli mála fær Arnar sér Green Phyto Foods, sem er ofurblanda af grænni fæðu og jurtum.




Curcufresh og Curcubrain blöndurnar frá NOW eru sérhannaðar til að hámarka upptöku og nýtast þær sérstaklega vel í endurheimt eftir hlaup.




Fyrir æfingar tekur Arnar Amino Power sem er hreinn Pre Workout drykkur sem inniheldur engin óæskileg aukaefni.




Arnar tekur Probiotic-10 25 billion til að halda meltingunni í lagi. Góðgerlar eru ekki bara fyrir þá sem þjást af einhvers konar meltingarkvillum heldur fyrir alla sem vilja lifa heilbrigðu lífi.




Arnar segir nauðsynlegt fyrir sig að taka daglega Full spectrum minerals, sem er steinefnablanda með öllum helstu steinefnum sem við þurfum til að líkaminn starfi eðlilega.

# SPRETTU ÚR SPORI

Komdu í Útilíf og kynntu þér eitt mesta úrval landsins af hlaupafatnaði og hlaupaskóm



# Klikkað lið sem öskrar góðan daginn

Eldsnemma miðvikudags- og föstudagsmorgna hittist hópur fólks í öllum veðrum og hreyfir sig undir merkjum November Project. Ketill Helgason og Rakel Eva Sævarsdóttir stýra æfingunum. Ketill segir sér hafa fundist galið að mæta svona snemma. Eftir fyrstu æfingu varð ekki aftur snúið.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Hugmyndin að November Project kviknaði upphaflega í Boston í nóvember fyrir sex árum. Tvo félaga í háskólanum vantaði eitthvað að gera og mönuðu hvor annan til þess að hittast einu sinni í viku í mánuð við Harvard Stadium og hlaupa allar tröppurnar í hvaða veðri sem var. Vinahópurinn fylgdist með og fór svo að taka þátt. Þegar nóvember lauk héldu þau áfram og svo vatt þetta upp á sig. Nú er November Project komið af stað í 45 borgum. Verkefnið náði meira að segja hingað til Reykjavíkur eftir að Rakel Eva Sævarsdóttir kynntist því í Boston og setti í gang hér,“ útskýrir Ketill Helgason en hann stýrir eldsprækum morgunæfingum November Project í Reykjavík ásamt Rakel Evu.

Æfingarnar fara fram klukkan 6.28 tvisvar í viku og hittist hópurinn við Háskóla Íslands á miðvikudögum og við Perluna á föstudögum. Ekkert kostar að vera með og allir eru velkomnir. Ketill segir á bilinu 20 til 30 manns mæta, fjöldinn rokki aðeins til en margir hafi mætt allan tímann. Hópurinn heldur úti Facebook-síðu þar sem fylgjast má með æfingaplani.

„Við Rakel sjáum um æfingarnar og látum fólk hreyfa sig. Í grunninn eru þetta hlaup, sprettir, brekkur og styrktaræfingar. Við förum í alls konar leiki og látum veðrið aldrei stoppa okkur. Í vetur hefur oft verið svo hvasst að við höfum varla geta hreyft okkur úr stað og þá vinnum við bara með það,“ segir Ketill.



Ketill Helgason og Rakel Eva Sævarsdóttir stýra eldsprækum morgunæfingum November Project í Reykjavík. Rakel kynntist verkefninu í Boston og flutti það til landsins. MYND/NOVEMBER PROJECT



Éljagangur er hressandi í morgunsárið.



Hópurinn hittist við Háskóla Íslands á miðvikudagsmorgnum.



Kuldi og trekkur stoppa ekki þennan öfluga hóp.

### Faðmlög og súper stuð

Spurður hvort hann langi ekki oft til þess að slökkva á vekjaraklukkunni og snúa sér á hina, til dæmis þegar úti geisar stormur og hríð, segir hann hreint ekki. „Það kemur aldrei fyrir. En þegar ég kynntist þessu fyrst, fyrir rúmu ári, fannst mér þetta reyndar algjör bilun,“ segir hann og hlær. Samstarfskonur hans hafi dregið hann á fyrstu æfinguna.

„Þær voru alltaf að drífa sig eldsnemma út að hreyfa sig og ég bara skildi það ekki, hlaupa úti í skítaveðri! Svo spurðu þær mig hvort ég vildi ekki kíkja með þeim og jú, ég sló til. Hitti þennan klikkaða hóp sem öskrar „góðan daginn!“ og fagnar því að vera mættur svona snemma, súper stuð og allir að faðmast! Svo tóku æfingarnar við og ég sem taldi mig tiltölulega öflugan og fitt gaur var gersamlega búinn. Maður verður nefnilega svo peppaður í svona hópi,“ segir Ketill. Eftir fyrstu æfinguna hafi hann kolfallið fyrir „klikkaða“ hópnum. Það jafnist ekkert á við að æfa svona eldsnemma í borginni.

„Fólk sem fer alltaf á æfingar seinnipartinn er að missa af miklu. Þegar maður vaknar svona snemma er Reykjavík fersk og engin umferð. Seinnipartinn er mengun, hávaði og ryk. Það er líka svo frábært að vera búinn með líkamsræktina en eiga ekki eftir að fara í ræktina eftir langan vinnudag,“ segir Ketill.

Á Youtube má skoða myndbönd af November Project í ýmsum borgum, meðal annars frá Rakel Evu í Reykjavík. Þá segir Ketill stórsniðugt að leita uppi November Project í öðrum borgum ef fólk er statt einhvers staðar á ferðalagi erlendis og vill taka góða æfingu að morgni.

„Síðan er bara að mæta á æfingu, ekkert að skrá sig eða láta vita. Bara mæta!“



MAGNESÍUM VÖKVI FRÁ FLORADIX

Magnesíum er nauðsynlegt líkamanum.

Magnesíum hjálpar til við vöðva og taugaslökun.

Bragðgóð steinefnablanda sem inniheldur magnesíum úr lífrænum jurtum.




Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og heilsuhillum verslana

# Gerir líkamann mýkri og ferskari

**LithoLexal Joint Health bætiefnið er sérstaklega hannað til að viðhalda og bæta heilsu liðamóta. Það hefur reynst þríþrautarkonunni Ebbu Særúnu Brynjarsdóttur afar vel við liðverkjum.**



Ebba Særún þríþrautarkona segir að LithoLexal hafi mýkt liðina og látið henni líða betur. MYND/STEFÁN

Ebba Særún Brynjarsdóttir flugfreyja er mjög virk. Hún hefur stundað líkamsrækt alla tíð og er margverðlaunuð þríþrautarkona, hjólari og hlaupari. Hún hefur lengi glímt við verki í liðum, en LithoLexal Joint Health bætiefnin, sem eru fyrir liðina og viðhalda eðlilegri brjóskmyndun og virkni liðamóta, hafa hjálpað henni mikið við að vinna bug á þeim verkjum.

„Ég vildi alls ekki mæla með þessu fyrr en ég var búin að prófa þetta sjálf, en nú er ég búin að taka þetta í sex vikur og ég finn mikinn mun á öxlunum, hálsinum og fingrunum. Mér finnst þetta mýkja liðina, allavega í mínu tilfelli, en ég hef verið mjög stíf,“ segir Ebba. „Ég hef barist við meiðsli síðan 2015, en það kom reyndar í ljós að ég var með fæðingargalla á mjöðm og ég fór í stóra aðgerð fyrir tveimur mánuðum til að laga það. En auk þess hef ég þurft að eiga við almenna liðverki, sem LithoLexal hefur hjálpað mér mjög mikið með.

Hver flík er sérstök og aðeins til í þessu eina eintaki og þannig mætti áfram telja. Í heimi fatahönnunnar er hins vegar alltaf stutt í fjöldaframleiðsluna þar sem fólk vill fá stærðir og útfærslur en það er eitthvað sem ég get ekki gert innan þess ramma sem ég er að vinna í. Ég hef líka verið að prófa mig áfram með því að prenta á efnið en ég hef engu að síður þann háttinn á að það eru aldrei tvö eins. Þetta er meira svona eins og að skrifa nafnið sitt aftur og aftur, það verður aldrei alveg nákvæmlega eins, ekki einu sinni í tvö skipti.“

### Bransi sem blómstrar

Aníta kýs að kalla sig hönnuð en ekki myndlistarkonu og hún segir að hvað varðar íslenska fatahönnun eigum við helst til langt í land til þess að komast upp að hlið til að mynda Norðurlandanna. „Það er alltaf viðskiptahliðin sem heldur aftur af okkur vegna þess að það er mikil krafa um að geta framleitt mikið og það er erfitt á litlum markaði. Sjálf reyni ég að koma með tvær línur á ári en verð að játa að það getur reynst ansi erfitt vegna þess að það tekur tíma að þróa áfram það sem maður er að fást við hverju sinni. Þannig að óneitanlega væri gott að fá aðeins meiri stuðning við viðskiptahliðina til þess að ná fram góðum vexti.“

Aníta bendir þó á að það sé vissulega margt sem er vel gert til þess að styðja við hönnun í landinu og að það megi ekki gleyma því sem vel er gert. „HönnunarMars er til að mynda gríðarlega mikilvægur. Persónulega finnst mér líka að það sé mikilvægt að hugsa um alla hönnun í heild, hvort sem það er vöruhönnun, fatahönnun eða annað, og vinna að hagsmununum út frá því. Þegar horft er á íslenska hönnun í heild þá má vel sjá að þessi bransi er blómstra.“

▸ FÁNAR
▸ LÍMMIÐAR
▸ AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

# Falin skilaboð njósnara í tónlist

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★★☆

Verk eftir Webern, Schubert, Brahms og Strauss.
Sæunn Þorsteinsdóttir og Alexandra Joan léku.
**Norðurljós í Hörpu**
Sunnudaginn 20. maí

Fyrir nokkru fór um internetið orðrómur um að tónskáldin Arnold Schönberg, Anton Webern og félagar hefðu unnið á laun með nasistum. Þeir hefðu komið skilaboðum til annarra njósnara í Bandaríkjunum og Bretlandi með því að dulkóða þau í tónverkum sínum. Tónlistin byggðist á tólftónatækninni, sem getur af sér ómstríð, tormelt tónverk. Þegar sagan komst í hámæli mun bandaríska tónskáldið John Adams hafa sagt: „Allt frá því ég kynntist fyrst verkum Arnolds Schönberg hef ég velt því fyrir mér hvern fjandann fólk heyrði í þeim. Núna veit ég það.“

Að öllum líkindum er þetta bull. En hver veit? Kannski var það sem Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari og Alexandra Joan píanóleikari spiluðu á tónleikum í Norðurljósum í Hörpu á sunnudaginn í raun dulin skilaboð til njósnara nasista í seinni heimsstyrjöldinni! Á dagskránni var m.a. tónlist eftir Webern. Hún var prýðilega flutt, af aga og fínlega mótuðum blæbrigðum. Hvert svo sem raunverulegt inntak tónlistarinnar var, þá var hún alltént full af dulúð sem var afar lokkandi.



**Alexandra Joan píanóleikari og Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari.**

Fyrsta verkið á tónleikunum var töluvert eldra, Arpeggione sónatan eftir Schubert. Nafnið er dregið af öðru hljóðfærinu sem tónsmíðin var samin fyrir. Það er eins konar ofvaxinn gítar með sex strengjum og þverböndum, en þó eru strengirnir ekki plokkaðir, heldur strokinir með boga. Hljóðfærið er haft á milli fótanna eins og sellóið. Það sést varla í dag, og því er sónatan eftir Schubert yfirleitt leikin á selló eða víólu, auk píanós.

Verkið hljómaði vel í meðförum þeirra Sæunnar og Joan. Eins og alltaf hjá Schubert þá eru laglínurnar innblásnar, unaðslega fagrar. Flæðið í framvindunni er óheft og hápunktarnir magnaðir. Sæunn spilaði af einlægri tilfinningu; túlkun hennar var gædd djúpum skáldskap. Því miður voru nokkrir tónar ekki hreinir, sem skyggði aðeins á upplifunina. Kannski átti taugaóstyrkur þar hlut að máli. Joan píanóleikari var hins vegar með allt á tæru, leikurinn var lifandi og nákvæmur í senn.

Næst á dagskránni voru sex lög eftir Brahms. Þar á meðal var vögguvísan, sem allir þekkja, enda til í milljón spiladósum. Hér var vald Sæunnar yfir hljóðfærinu sínu óskert, laglínurnar voru dásamlega mótaðar og píanóleikurinn mjúkur og draumkenndur.

Lokatónsmíðin á dagskránni var sónata eftir Richard Strauss. Hún telst til æskuverka hans, en snilldin er engu að síður til staðar. Sérstaklega er hægi kaflinn magnaður, þrunginn myrkri. Hinir tveir kaflarnir eru fjörlegir, jafnvel manískir eins og svo oft er þegar Strauss er annars vegar. Flutningurinn var í fremstu röð, hraðar tónahendingar voru fullkomlega af hendi leystar af selló- og píanóleikara, túlkunin var spennandi og full af dirfsku.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Athyglisverð tónlist og glæsilegur flutningur.

# Spectrum efnir til tónlistarveislu

Sönghópurinn Spectrum fer á dulmagnaðar slóðir og flytur seiðandi söngdagskrá í Salnum í Kópavogi, næstkomandi sunnudag kl. 20.00. Spectrum vakti athygli í Kórum Íslands fyrir að velja sér krefjandi útsetningar eftir ýmsa þekktustu tónsmiði samtímans. Hópurinn er saman settur af fólki á ólíkum aldri og úr mjög ólíkum áttum. Spectrum hefur markað sér ákveðna sérstöðu með fjölbreyttu lagavali og frumlegum sviðsetningum en stjórnandi er Ingveldur Ýr Jónsdóttir.

Á dagskránni að þessu sinni verða lög sem eru í senn mögnuð, fögur og brjáluð á borð við Mad World sem Tears for Fears gerði frægt og Far over the Misty Mountains (úr The Hobbit) og svo perlur eins og Underneath the Stars, Glow, Let it be og Bésame mucho. Tónskáld og útsetjarar á borð við Eric Whitacre, Eric Esenvalds og Morten Lauridsen eru ríkjandi í lagavalinu. Lög úr smiðju íslenskra tónskálda toppa svo veisluna.

Með Spectrum munu þjóðþekktir hljóðfæraleikarar mynda latin band, en það eru Vignir Þór Stefánsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á bassa, Ársæll Másson á gítar og Þorvaldur Ingveldarson á slagverk. – **mg**








Loksins fáum við að fylgjast með fyrstu kynnum þessara góðu vina og traustu vopnabræðra, Han Solo og Chewie.

# Slappiði af, Han Solo getur ekki klikkað

**KVIKMYNDIR**
**Solo: A Star Wars Story**
★★★★☆

**Leikstjórn:** Ron Howard
**Aðalhlutverk:** Alden Ehrenreich, Emilia Clarke, Donald Glover

Fyrsta sjálfstæða Stjörnustríðsmyndin, Rogue One: A Star Wars Story, heppnaðist gríðarlega vel og sýndi fram á að í raun eru möguleikarnir óteljandi fyrir skemmtileg ævintýri í Star Wars-heiminum með frelsinu sem fylgir því að þurfa ekki að spinna söguna innan ramma ættarsögu Geimgenglanna.

Þetta frelsi er nýtt til hins ýtrasta í Solo: A Star Wars Story sem er samt alveg þvottekta Star Wars. Han Solo er að sjálfsögðu ein allra skemmtilegasta persónan í gervöllum myndabálkinum og þar sem þessi mynd er fyrst og fremst ofboðslega skemmtileg er óhætt að segja að andi hans svífi yfir öllum hamaganginum.

Han Solo er margbrotinn, ef ekki hreinlega margir. Hann er kúreki, orrustuflugmaður, smyglari, sjóræningi og glæpamaður en samt sem áður góði gæinn, þótt hann rembist við að afneita því.

Þessi mynd er líka margar myndir; stríðssaga sem bergmálar jafnvel fyrri heimsstyrjöldina, falleg ástarsaga, smá vestri en aðallega glæpamynd með sterkum film noir undirtónum. Og sem betur fer gengur þessi spice-kryddaða uppskrift upp og skilur eftir sig ljúft eftirbragð.

**„Never tell me the odds“**

Líkurnar voru ekki með þessari mynd og full ástæða til að óttast. Skipt var um leikstjóra í miðjum klíðum og sá frekar sterílí fagmaður Ron Howard fenginn til þess að klára verkið.

Þá mátti eðlilega hafa efasemdir um Alden Ehrenreich í hlutverki hins unga Han Solo. Persónu sem er svo nátengd Harrison Ford að það var nánast gefið að hann myndi klúðra þessu.

En ef það er eitthvað sem Han Solo hirðir ekki um og nennir ekki að ræða þá eru það líkur og hann lætur þær ekki trufla sig hvorki fyrr né nú. Ehrenreich skilar bara býsna skemmtilegum og sjarmerandi Solo og er dyggilega studdur öðrum leikurum þar sem þeir glansa sérstaklega Woody Harrelson og Donald Glover sem töfrar fram bráðskemmtilegan Lando. Emilia Clarke sýnir síðan á sér margar hliðar og gerir Solo og áhorfendum nokkuð erfitt fyrir.

Hinn trausti Chewbacca hefur aldrei fengið að njóta sín jafn vel og núna og ekki verður hjá því komist að minnast á femíníska byltingarvélmennið L3-37. Það verður ekki af Disney tekið að því bákni hefur tekist að tengja Star Wars bráðsmekklega við samtímann og breytta tíma frá 1977.

**Þórarinn Þórarinsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ofboðslega skemmtileg og sprellfjörug mynd. Og við fáum að sjá bestu vini í vetrarbrautinni fara the Kessel Run á 12 parasecs. Þetta verður ekki mikið betra.

Meira á **frettabladid.is**

# Ford segir arftakann hafa „neglt“ hlutverk Han Solo

Geimkúrekinn Han Solo er ein dáðasta persónan í Stjörnustríðsheiminum enda ómótstæðilegur í túlkun Harrisons Ford í fyrsta Star Wars-þríleiknum. Á sínum tíma var eiginlega ómögulegt annað en að heillast af þessum sjálfumglaða utangarðsmanni og smyglara.

Þroskasaga Solo í A New Hope, The Empire Strikes Back og The Return of the Jedi er líka ósköp falleg. Hvernig hann breytist úr sjálfselskum málaliða, sem gerir ekki neitt fyrir neinn án þess að græða á því, í fórnfúsan uppreisnarherforingja sem nær ástum prinsessunnar en fær ekkert konungsríki, hvorki heilt né hálft.

Til þess að toppa þetta allt saman er Han Solo vitaskuld djarfasti og besti flugmaðurinn í gervallri stjörnuþokunni, á svalasta geimfar sem sögur fara af, The Millenium Falcon, og besti vinur hans er rúmlega tveggja metra urrandi geimgórilla eða eitthvað álíka.

Leikarinn ungi Alden Ehrenreich var því ekki öfundsverður af því verkefni að túlka ungan Han Solo í sjálfstæðu Star Wars-myndinni Solo: A Star Wars Story. Hann virðist þó hafa sloppið nokkuð og eini gagnrýnandinn sem skiptir raunverulegu máli, sjálfur Harrison Ford, hefur ausið hann lofi. Leikstjóri myndarinnar, Ron Howard, hefur upplýst í viðtali við Vanity Fair að Ford hafi séð myndina tvisvar og hafi hringt sérstaklega í sig til þess að hrósa Ehrenreich.

Howard segist aldrei hafa heyrt Ford jafn ákafan um nokkurn skapaðan hlut. Hann sé algerlega heillaður og hafi sagt: „Alden negldi þetta. Hann gerði þetta að sínu.“

Ford kom hvergi nærri hugmyndavinnunni að forsögunni en hann hitti Ehrenreich yfir hádegisverði áður en tökur hófust í fyrra og gaf honum góð ráð. Hann greindi persónuna með unga manninum og fór yfir samtöl sín við George Lucas forðum þegar þeir voru að þróa persónuna.

Ómetanlegt innleg sem gagnaðist Ehrenreich vel þegar á hólminn var komið, að sögn Kathleen Kennedy sem öllu ræður hjá Lucasfilm.

**Alden Ehrenreich, hinn ungi Han Solo, má vel við una þar sem sá gamli, Harrison Ford, hrósar honum í hástert fyrir frammistöðuna í Solo.**
















ÍSLENSKA VEÐRIÐ
ER ÓÚTREIKNANLEGT
20% afsláttur af öllum regnfatnaði dagana 24.-28. maí*
THE NORTH FACE
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN
HH
HELLY HANSEN
ZIGZAG
20%
AFSLÁTTUR
REGN-
DAGAR
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur

Hvar@frettabladid.is

### 24. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Salsakommúnan
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Fyrsta breiðskífa Salsakommúnunnar, Rok í Reykjavík, lítur dagsins ljós fimmtudaginn 24. maí. Af því tilefni blæs hljómsveitin til útgáfutónleika í Iðnó þann sama dag. Áður en hljómsveitin stígur á svið verður boðið upp á salsadanskennslu frá Salsa Iceland og er það kjörið tækifæri til þess að mýkja mjaðmirnar og læra grunnsporin. Ekki missa af þessum stökkpalli inn í sumarið! Salsakommúnan er hljómsveit sem leikur kröftuga, dansvæna tónlist undir áhrifum frá tónlistarhefðum Suður-Ameríku. Allir textar sveitarinnar eru frumsamdir og á íslensku sem færir tónlist af þessu tagi nær íslenskum áheyrendum. Um leið eru textasmíðarnar undir áhrifum töfraraunsæisins, sem einkennir bókmenntir Suður-Ameríku, í bland við íslenskan veruleika og er með þessu móti leitast við að etja saman þessum ólíku menningarheimum á nýstárlegan hátt.

**Hvað?** Dúndurfréttir í Bæjarbíói-Hjarta Hafnarfjarðar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Eftir uppselda tónleika í Bæjarbíói sl. haust er loks komið að því að Dúndurfréttir mæti aftur. Spiluð verða brot af því besta úr klassíska rokkinu.

**Hvað?** JÆJA. útgáfutónleikar Bagdad brothers á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Í dag gefa Bagdad brothers út aðra stuttskífu sína, „Jæja.“, í samstarfi við post-dreifingu. Verkefnið er unnið undir óvenjumikilli tímapressu og er afurð raða skyndiákvarðana. Útgáfutónleikar verða haldnir á Húrra að kvöldi fimmtudagsins 24. og þar munu koma fram, auk Bagdad brothers; k.óla, GRÓA og Hot Sauce Committe. Frítt verður inn á tónleikana.

### Viðburðir

**Hvað?** Fréttir frá Palestínu: Opinn fundur
**Hvenær?** 08.30
**Hvar?** Oddi, Háskóla Íslands
Morgunverðarfundur um fjölmiðlaumhverfið í Palestínu og þá erfiðleika sem fréttamenn standa frammi fyrir í störfum sínum á þessu stríðshrjáða svæði. Þá verða áhrif samfélagsmiðla á fréttaflutning Palestínumanna af hernámi Ísrael gerð sérstök skil.

**Hvað?** Mystery Boy á Stóra sviði Þjóðleikhússins
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Í umsögn dómnefndar Þjóðleikhússins um sýninguna segir: Sýning Leikfélags Keflavíkur á Mystery Boy eftir Smára Guðmundsson, í leikstjórn Jóels Sæmundssonar fjallar á óvenjulegan hátt um mikilvæg málefni. Verkið er byggt á reynslu höfundar af því að fara í áfengismeðferð. Fantasíukennd nálgun höfundar við efnið er til þess fallin að gera efnið aðgengilegt og skemmtilegt og um leið er fjallað um sígild viðfangsefni eins og ástina, frelsisþrána, óttann, átök um völd, baráttu góðs og ills, mannleg samskipti og það að upplifa sig á einhvern hátt utangarðs.



Salsakommúnan stendur fyrir útgáfutónleikum og dansleik í Iðnó í kvöld.

**Hvað?** Útgáfuhátíð Kvæðamannafélagsins Iðunnar og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Safnahúsinu við Hverfisgötu

**Hvað?** Menningarbasar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Veröld – Hús Vigdísar
Gestum og gangandi er boðið á lifandi menningarbasar á Alþjóðadegi menningarlegrar fjölbreytni. Kíkið við og fáið ykkur kaffibolla, kynnið ykkur fjölbreytt starf stofnana, samtaka og einstaklinga á sviði lista, tungumála og fjölmenningar, og hlýðið svo á Múltíkúltíkórinn undir stjórn Margrétar Pálsdóttur sem mun opna basarinn með lögum á mörgum tungumálum.

**Hvað?** Vínsmökkun á Jörgensen
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Jörgensen, Laugavegur
Sérlegur sérfræðingur í víni mun kíkja í heimsókn til okkar á Jörgensen Kitchen & Bar í dag og mun deila visku sinni um vínheiminn ásamt því að bjóða upp á smakk á mismunandi víntegundum. Verð á þátttöku er aðeins 3.900 kr. á mann.

**Hvað?** Útgáfuhóf: Hljóð bók
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Verið velkomin á útgáfuhóf Hljóð bókar! Upplestur á bókinni hefst stundvíslega kl. 17.15. Dagskrá tilkynnt síðar. Léttar veitingar verða í boði á meðan birgðir endast, en vitanlega er Kex-barinn opinn og gleðistund þar. Bókin verður til sölu á staðnum.



Í kvöld fer fram vínsmökkun á Jörgensen.


Nýtt

Berry.En næringargel




Öflug virkni aukin lífsgæði. **YUMI** fyrir ónæmiskerfið, meltingarfærin og gegn bólguvirkni. **PULZ** fyrir blóðrásina, bætir stinningu. **AKTIV** fyrir brjósk, liði og liðleika.

30 x 25g

**8.413 kr.**

~~Áður: 9.898 kr.~~

15% afsláttur Gildir út maí mánuð

Fæst einnig í netverslun **lyfja.is**

LYFJA – Lifið heil

# ÚTSKRIFAÐ MEÐ STÆL!



30% VILDARAFSLÁTTUR

**Ferðataska Cloud (4 hjól)**
**VILDARVERÐ FRÁ: 8.399.-**
Verð frá: 11.999.-



25% VILDARAFSLÁTTUR

**Minnisbók "Style", 80 bls. (A6 / A5)**
**VILDARVERÐ FRÁ: 1.724.-**
Verð frá: 2.299.-

## Pelikan PENNAR



25% VILDARAFSLÁTTUR

*Aðeins í Hallarmúla



30% VILDARAFSLÁTTUR

**Hnattlíkan Galilei**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-




**Orð að sönnu**
**TILBOÐSVERÐ: 7.499.-**
Verð: 8.999.-




FRÁBÆRT VERÐ!

**Þjóðminjar**
**TILBOÐSVERÐ: 6.999.-**
Verð áður: 14.499.-



**Gæfuspor - Gildin í lífinu**
Verð: 2.999.-



30% VILDARAFSLÁTTUR

**Kubbaklukka**
**VILDARVERÐ FRÁ: 4.899.-**
Verð frá: 6.999.-



30% VILDARAFSLÁTTUR

**Hnattlíkan Gagarin**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-




**Birtingur**
Verð: 3.499.-



25% VILDARAFSLÁTTUR

**LX pennar**
**VILDARVERÐ FRÁ: 3.599.-**
Verð frá: 4.799.-

LAMY




25% VILDARAFSLÁTTUR

**The Travel Book / The Cities Book**
**VILDARVERÐ: 7.499.- (stk.)**
Verð: 9.999.- (stk.)

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




**KOSNINGAR 2018: KAPPRÆÐUR**
KL. 18:55
Fréttastofa Stöðvar 2 efnir til kappræðna með formönnum framboða sem eiga möguleika á að ná inn fulltrúum í þremur stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þættirnir eru allir í beinni útsendingu og opinni dagskrá í kjölfar kvöldfrétta.

Frábær **Fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**AMERICAN IDOL**
KL. 19:45
Bráðskemmtileg sería af American Idol með frábærum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant.



**NCIS**
KL. 21:15
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




**THE BLACKLIST**
KL. 21:55
Spennandi lokaþáttur með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.




**BARRY**
KL. 22:40
Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles.




**CENTRAL INTELLIGENCE**
KL. 22:00
Gömlu skólafélagarnir Bob og Calvin hafa valið sér mismunandi hlutskipti í lífinu en þó kemur að því að þeir lenda í kröppum leik saman.




**SUPERGIRL**
KL. 20:50
Skemmtilegir og spennandi þættir um Köru sem býr yfir sömu ofurkröftum og frændi hennar Clark Kent.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is





# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.40 Strákarnir
08.05 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Jamie's Super Food
11.00 Á uppleið
11.25 Í eldhúsinu hennar Evu
11.45 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 A Royal Night Out
14.35 An American Girl: Chrissa Stands Strong
16.05 Friends
16.30 PJ Karsjó
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Kosningar 2018: Kappræður
19.30 Sportpakkinn
19.40 Fréttayfirlit og veður
19.45 **American Idol** Sextánda syrpa þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Áhorfendur fá að kynnast glænýjum dómurum sem eiga það sameiginlegt að hafa átt farsælan söngferil í gegnum tíðina en koma úr ólíkum áttum. Í hásætinu þetta árið sitja nú þau Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryan.
21.15 NCIS
21.55 The Blacklist
22.40 **Barry** Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles. Það sem í upphafi leit út fyrir að vera tíðindalaus og frekar venjuleg vinnuferð breytist í óvænta vegferð til betra lífs hjá söguhetjunni okkar. Fyrir tilviljun hittir hann lífsglaðan og litríkan leikstjóra áhugamannaleikhúss og hóp af leikurum sem hann finnur samleið með.
23.10 Crashing
23.40 Real Time with Bill Maher
01.35 Vice
02.05 Silent Witness
03.00 Silent Witness
03.55 Ten Days in the Valley
04.40 Ten Days in the Valley
05.25 Fist Fight

## STÖÐ 2 SPORT

08.05 Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
10.00 Golden State Warriors - Houston Rockets
11.55 Newcastle - Chelsea
13.40 Pepsímörkin
15.00 Ensku bikarmörkin
15.30 Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon
18.00 Premier League World
18.25 Fyrir Ísland
19.05 Leiknir R. - ÍR
21.15 Búrið
21.50 UFC Fight Night Maia vs. Usman - mai18

## STÖÐ 2 SPORT 2

08.20 Grindavík - Valur
10.00 Pepsímörkin
11.20 Burnley - Bournemouth
13.05 Southampton - Manchester City
14.45 Huddersfield - Arsenal
16.25 Messan
17.50 Breiðablik - ÍBV
20.00 Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon
21.40 Premier League World
22.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
22.35 Leiknir R. - ÍR

## STÖÐ 3

19.10 The Last Man on Earth
19.35 Anger Management
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Supergirl
21.35 Arrow
22.20 Gotham
23.05 The Simpsons
23.30 American Dad
23.55 Bob's Burger
00.45 Seinfeld
01.10 Friends
01.35 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Tindur
07.27 K3
07.38 Mæja býfluga
07.50 Kormákur
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Mamma Mu
10.00 Strumparnir
10.25 Hvellur keppnisbíll
10.37 Ævintýraferðin
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Stóri og litli
11.13 Tindur
11.27 K3
11.38 Mæja býfluga
11.50 Kormákur
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi litli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Mamma Mu
14.00 Strumparnir
14.25 Hvellur keppnisbíll
14.37 Ævintýraferðin
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Stóri og litli
15.13 Tindur
15.27 K3
15.38 Mæja býfluga
15.50 Kormákur
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi litli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Mamma Mu
18.00 Strumparnir
18.25 Hvellur keppnisbíll
18.37 Ævintýraferðin
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Tarzan



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

08.15 Golfing World
09.05 PGA Tour
14.05 PGA Highlights
15.00 Golfing World
15.50 LPGA Tour
18.40 Champions Tour Highlights
19.35 Inside the PGA Tour
20.00 Fort Worth Invitational
23.00 LPGA Tour

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 The Cobbler
13.10 The Day After Tomorrow
15.10 Along Came Polly
16.40 The Cobbler
18.20 **The Day After Tomorrow** Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga yrðu að veruleika.
20.25 Along Came Polly
22.00 Central Intelligence
23.50 **Jason Bourne** Spennumynd frá 2016 með Matt Damon og Aliciu Vikander í aðalhlutverkum. Nokkur ár eru liðin frá því Jason Bourne lét sig hverfa eftir atburðina sem sagði frá í myndinni The Bourne Ultimatum. Tímann hefur hann notað til að fá minni sitt aftur og nú er komið að því að hann vill fá lokasvör frá þeim sem þekkja fortíð hans betur.
01.55 Rudderless
03.40 Central Intelligence

## RÚV

11.00 Söguboltinn
11.30 Ekki gera þetta heima
12.00 Svikabrögð
12.30 Serena
14.00 Sagan bak við smellinn - Blue Monday - New Order
14.30 Danskur skýjakljúfur í New York
15.00 Heillandi hönnun
15.30 Bítlarnir að eilífu - Love me do
15.40 Sjóræningjarokk
16.25 Veiðikofinn
16.50 Trjáklippingar og umhirða
17.20 Faðir, móðir og börn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Músíktilraunir 2018
20.30 Í garðinum með Gurrý
21.00 Treystið mér
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin
23.05 Endurheimtur
23.50 Kastljós
00.05 Menningin
00.10 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens
08.22 Dr. Phil
09.08 The Tonight Show
09.52 The Late Late Show
10.37 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.43 The Good Place
14.09 Jane the Virgin
14.58 American Housewife
15.22 Survivor
16.13 Everybody Loves Raymond
16.36 King of Queens
16.58 How I Met Your Mother
17.21 Dr. Phil
18.06 The Tonight Show
18.53 The Late Late Show
19.37 Speechless
20.01 Will & Grace
20.30 Strúktúr
21.05 For the People
21.55 The Assassination of Gianni Versace
22.54 Shots Fired
23.42 The Tonight Show
01.12 CSI Miami
01.55 Fargo
03.00 Chicago Med
03.49 Bull
04.38 American Crime
05.23 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



NÝTTU TÆKIFÆRIÐ
FÁÐU ÞÉR NÝJAN EÐA NÝLEGAN BÍL
Á BETRA VERÐI HJÁ OKKUR
4.990 þús.
MMC OUTLANDER PHEV BUSINESS ÁRG 2018
NÝR BÍLL
Leðursæti, 360 gráðu myndavélakerfi, skynjarar allan hringinn ofl. 4x4 Rafmagn/bensín, sjálfskiptur með 18 tommu álfelgum.
2.590 þús.
TOYOTA YARIS HYBRID ÁRG 2018
NÝR BÍLL
Bakkmyndavél, árekstrarvari ofl. ofl. Rafmagn/bensín, sjálfskiptur.
7.490 þús.
LAND ROVER DISCOVERY SPORT HSE ÁRG 2018
NÝR BÍLL
7 manna með krók, leiðsögukerfi ofl. ofl. 4x4, dísel, sjálfskiptur.
VERÐ FRÁ 4.990 þús.
RENAULT KOLEOS ZEN, INTENS OG INITIAL PARIS ÁRG 2018
NÝR BÍLL
Mjög vel búnir bílar. 4x4, sjálfskiptir dísel.
10.980 þús.
VOLVO XC90 T8 HYBRID INSCRIPTION ÁRG 2018
NÝR BÍLL
Með ÖLLUM hugsanlegum aukabúnaði. 4X4, rafmagn/bensín, sjálfskiptir.
VERÐ FRÁ 5.990 þús.
RANGE ROVER EVOQUE SE+ ÁRG 2017
NÝLEGUR BÍLL
Eknir frá 3 þús. km. Stærri vélin, leiðsögukerfi, glerþak ofl ofl. 4x4, sjálfskiptir með 19 tommu álfelgum.
3.590 þús.
SUZUKI VITARA GLX ÁRG 2017
NÝLEGUR BÍLL
Eknir frá 10 þús. km. Glerþak, bakkmyndvél, árekstrarvari ofl. ofl. 4x4, sjálfskiptir með 17 tommu álfelgum.
7.390 þús.
TOYOTA LAND CRUISER 150 GX ÁRG 2017
NÝLEGUR BÍLL
Eknir frá 25 þús. km. Bakkmyndavél, navigation, hraðastillir ofl. 4x4, sjálfskiptir, dísel.
2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan
Allir bílar í ábyrgð – allt að 90% fjármögnun – skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!



Leikstjórinn Benedikt Erlingsson, forsetafrúin Eliza Reid, Charlotte Böving, eiginkona Benedikts, ásamt dóttur þeirra Freyju Mariönnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Leikstjórinn með tvíburadæturnar fyrir framan sig, Freyju og Brynju Maju.



Feðgarnir Jóhann Ólafur og Jóhann Sigurðarson ásamt Ólafi Egilssyni.



Leikstjórinn heilsar hátíðargesti með virktum. Leikkonan Margrét Helga brosir með.

# Náttúruhryðjuverkin sem vöktu athygli

Hátíðarsýning á kvikmynd Benedikts Erlingssonar, Kona fer í stríð, vakti mikla lukku. Myndin fjallar um baráttu kórstjóra sem lýsir yfir stríði gegn allri stóriðju í landinu. Hún gerist skemmdarverkamaður og er tilbúin til að fórna öllu. Leikstjórinn hlekkjaði sig eitt sinn við hvalveiðibát og af því tilefni rifjar Fréttablaðið upp frægustu náttúruhryðjuverkin.



ÞJÓÐVILJINN

Önnur för Ragnars

Samflotið fyrir bí

Hvalbátar stöðvaðir

Grein Þjóðviljans frá 1987 sem sagði frá því þegar Benedikt, ásamt tveimur öðrum úr Hvalavinum, fóru um borð í Hval 9. Ragnar Ómarsson og Kjartan Guðnason klifruðu upp í útsýnistunnuna en Benedikt hlekkjaði sig fastan við skutulbyssuna. Að sögn Hvalavina var tilgangurinn með þessu að stöðva hvalveiðar eins lengi og unnt væri auk þess að mótmæla því sem þeir sögðu siðlausar og löglausar hvalveiðar Íslendinga.



Laxárstífla var sprengd og þar með hófst náttúruvernd Íslendinga. Bændum í Mývatnssveit fannst á sér brotið og tóku málin í sínar hendur.



Ómar Ragnarsson hefur látið náttúruvernd sig skipta. Hann var handtekinn í Gálgahrauni eftir að hafa neitað að færa sig þegar vinnuvélar óðu yfir einn af eftirlætisstöðum Kjarvals. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Jökulsárganga Ómars Ragnarssonar gegn Hálslóni vakti athygli. Um sjö þúsund manns gengu fylktu liði í Reykjavík til að mótmæla Kárahnjúkavirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





Hvalveiðar Íslendinga hafa ávallt verið umdeildar og vakið mikla úlfúð meðal annarra þjóða. Hér er einn kominn upp með fána. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum

**Hannað af háls- nef- og eyrnalæknum**





Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.

**Til í þremur stærðum.**

S - frá 1. til 3. ára
M - frá 4. til 9 ára
L - frá 10 ára og eldri (fullorðnir)

Pakkinn inniheldur bæði eyrnatappa og eyrnaband.

Fæst í apótekum, Sundlaug Kópavogs, Útilíf, Heimkaup og barnavöruverslunum.



Áframhaldandi

# GARÐ-PARTÝ!

Skoðaðu öll tilboðin á byko.is

Tilboð gilda til 30. maí eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

## ÖLL reiðhjól

20% afsláttur



NAPOLEON

Broil King
Great Barbecues Every Time

20% afsláttur



BOSCH

**Tilboðsverð**

**Bútsög**

PCM 8 1200 W. Létt og nett bútsög fyrir auðveldan og nákvæman skurð. Sagarblað 216mm.

**20.295**

74862008

Almennt verð: 28.995

30% afsláttur



Einhell®

**Tilboðsverð**

**Bensínsláttuvél**

GC-PM 46 B&S, sláttuvél með drifi, fjórgengis B&S mótor, 1,65 kW, sláttubreidd 46 cm, 9 hæða-stillingar, 50 lítra safnpoki

**43.995**

748300654

Almennt verð: 54.995

20% afsláttur



## Sláttuorf og hekkklippur

20% afsláttur



Vertu með!

## PALLA-LEIKUR

Sjá nánar á byko.is

Alls 10 vinningar, heildarverðmæti rúmlega 700.000kr.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land







GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar




Aron Can fær í sumar andlit sitt á risaskilti á Times Square okkar Íslendinga, Gullinbrú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Glæný plata frá plánetunni Trúpíter

**Aron Can** sendir frá sér plötuna Trúpíter á miðnætti. Hann segir að platan sé stútfull af smellum sem muni keyra sumarið í gang. Aron segir næstu plötu skammt undan enda sé hann alltaf í stúdíóinu.

Á miðnætti kemur út platan Trúpíter með Aron Can, hans þriðja plata ef við teljum mixteipið Þekkir stráginn með. Þetta eru 15 glæný lög sem Aron segir að séu öll „hittarar“.

„Ínótt var kannski svolítið þung plata, munurinn er alveg gríðarlegur. Þessi plata er bara við í stúdíóinu að „fokkast“ í heilt ár, þetta er ekki jafn mikið svona verkefni og hin, Ínótt var rosalega mikil plata. Það er geðveikt gaman að prófa bæði. Þekkir stráginn er kannski millivegurinn. En þessi er svona „fokk“ – það kemur oft besta útkoman úr því, að vera á flippinu.“

Eins og áður eru það Jón Bjarni og Aron Rafn sem eru mennirnir á tökkunum og bak við Aron, en þeir hafa fylgst að alveg frá byrjun.

„Það virkar alltof vel til að fara að breyta því. Þetta er svo náttúrulegt – þetta erum bara við í stúdíóinu og hugmyndirnar koma bara. Við erum kannski búnir að gera hálft lag og þá vitum við alveg hvert við erum að fara með það – það gerist kannski á 10 mínútum.“

Aron er sammála blaðamanni að hljómurinn hafi þróast töluvert og alls ekki staðið í stað – Þekkir stráginn var villtur Atlanta-legur mixteip hljómur og Aldrei heim er svo poppsmellur eins og þeir gerast bestir.

„Ég er alltaf að þróa mitt dæmi og Jón og Aron eru líka að þróa sína tónlist sem við látum virka mjög vel saman og koma út á einhverjum punkti þar sem „input“ frá okkur öllum kemur saman. Ég er heima að skrifa texta, þeir heima hjá sér að gera „beats“ – þannig að auðvitað erum við enn að þróa hljóminn okkar og munum aldrei hætta því.“

**ÞETTA ER „BASICALLY“ BARA TRÚPÍTER – PLÁNETAN SEM VIÐ ERUM Á, ENGINN ANNAR.**

Spurður út í titil plötunnar, Trúpíter, segir Aron að honum hafi langað til að nefna plötuna Trúpí en einhverju sinni í ferlinu bak við eitt lag hafi Trúpíter orðið útkoman.

„Þetta er „basically“ bara Trúpíter – plánetan sem við erum á, enginn annar.“

Umslagið á plötunni er teikning eftir listakonuna Örnu Beth sem Aron segir að tengist efni plötunnar beint – að ef maður hlusti á plötuna og horfi á umslagið þá eigi maður eftir að tengja. Myndum af umslaginu var hent upp á risaskilti fyrirtækisins Billboard til að kynna útgáfuna og fara svo aftur upp í sumar um allt land.

„Skemmtilegt að fara nýjar leiðir. Amerískir rapparar gefa út og fá risaskilti á Times Square og mig langaði að gera svipað. Ég keyri Gullinbrúna á hverjum degi og þar sé ég alltaf svona skilti og þaðan kom hugmyndin. Skilti á Gullinbrú eða Grensásvegi er okkar Times Square, er það ekki?“

Aron segir að fram undan sé bara allsherjar spilamennska – hann stefnir á að spila meira erlendis en hann er einmitt nýlega kominn frá Ósló þar sem hann hélt tónleika fyrir fullum sal. Norðmenn virtust þekkja lögin og Aron segir líka að það hafi verið lærdómsríkt og endurnærandi að komast í aðra orku og í kynni við aðrar skoðanir á tónlistinni.

„Það var geðveikt. Fólk að syngja með án þess að kunna orðin – þannig að þau voru greinilega búin að hlusta á mig. Það er í alvörunni hægt að gera þetta þó að maður noti íslensku, fólk er að tengja við tónlistina án þess að skilja textann. Það er eins og það skipti ekki máli lengur að skilja hvert orð, þetta er bara væbið – maður skilur ekki allt sem Young Thug segir en nær samt að væba við það.“

Hann er á leiðinni aftur til Noregs í lok júní þar sem hann spilar á tónlistarhátíðinni North Of í Harstad lengst í norðurhluta landsins.

„Sumarið verður rosalegt – það er bara að spila, halda áfram að gera tónlist í stúdíóinu og vonandi bara gefa út plötu strax. Eina vandamálið okkar er að þegar við gefum út plötur erum við bara hálfnaðir með næstu. En við verðum á fullu í stúdíóinu, spila og bara njóta lífsins.“ **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

NÓA

# Súrt og sætt




Krassandi súrt og sykurhúðað kólahlaup sem þú verður að prófa.
Passaðu þig samt, þú gætir átt erfitt með að leggja pokann frá þér.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Benedikts Bóasar Hinrikssonar



# Af fiskum og mönnum

Það er fyndið að fylgjast með umræðum um laxeldi. Stangveiðimenn eru alveg brjálaðir og sækja hart fram en laxeldismenn verjast af stakri snilld og hrekja hvert orð sem laxveiðimenn láta út úr sér.

Laxveiðimenn eru tilfinningaverur. Það er oft talað um að karlmenn eigi bágt með að tjá tilfinningar sínar en ef það er eitthvað sem ég hef lært frá því fyrsti laxinn var settur í kví er að laxveiðimenn eru tilfinningaverur. Þeir finna til vegna hins íslenska laxastofns. Slíkt ber að virða.

Ég heyrði í góðum manni sem hefur engra sérstakra hagsmuna að gæta. Hefur áhuga á að hnýta flugur og gista í veiðihúsum. En honum finnst sushi gott. Sérstaklega í Færeyjum. Þar er yfirburða sushi svo því sé haldið til haga. Eldislaxinn þar er stórkostlegur.

Hann benti mér á eina ansi góða staðreynd. Arnarlax má selja sitt til Whole Foods í Ameríku. Það eru aðeins örfá eldi í heiminum sem fá þann stimpil. Það eru mjög góð meðmæli.

Ég skoðaði aðeins hvað það þýðir að hafa þennan stimpil á sér en það eru ótrúlega strangar kröfur sem Whole Foods setur upp. Það má ekki nota nein sýklalyf, ekki nota lúsaböð, kvíarnar mega ekki innihalda kopar eða önnur spillandi efni, það er bannað að hafa meira en 20 kíló af fiski á hvern rúmmetra – í kvíum Arnarlax eru 16 kíló á rúmmetrann – og fóðrið verður að vera vottað og fleira og fleira.

Ég ætla því að vera stoltur af laxeldi á Íslandi. Við eigum jú að vera stolt af okkar afurðum. Og ég ætla að taka afstöðu með vísindamönnum en ekki tilfinningaverum. Því ef tilfinningar ráða för en ekki staðreyndir þá getur maður ekki annað sagt en Guð hjálpi okkur. Og hann er sannarlega til.







SÓMI



Sóma skálar
GRÍPTU DAGINN
FERSKLEIKINN ER NÚNA!

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

